



# Ársskýrsla UMSS 2023

104. Ársþing UMSS 27. apríl 2024

# Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3	Reglugerð um val á íþróttamanni, liði og þjálfara	
Ungmennasamband Skagafjarðar	4	ársins í Skagafirði	33
Stjórn UMSS 2023-2024	4	Íþróttamaður ársins 2023	34
Dagskrá 104. ársþings UMSS	5	Sigtryggur Arnar Björnsson	35
Aðildarfélög UMSS	6	Íþróttamenn UMSS frá 1980 - 2023	35
Skýrsla stjórnar UMSS	7	Lið UMSS 2023	36
Ársreikningar 2023	9	Meistarafli. karla, UMFT Tindastóll Körfuknattleiksdeild	36
Þingfulltrúar 2023	17	Aðrar tilnefningar	36
Fræðsludagur 2023	17	Þjálfari UMSS 2023	37
Starfsstöðvar	18	Pavel Ermolinskij	37
UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki	19	Aðrar tilnefningar	37
ÍSí gull- og silfurmerki	19	Hvatningarverðlaun UMSS 2023	38
Afrekssjóður UMSS	20	Frjálsíþróttaráð UMSS ársskýrsla 2023	39
Reglugerð um Afrekssjóð UMSS	20	Ársskýrslur aðildarfélaga UMSS 2023	41
Iðkendur sérsambanda aðildarfélaga UMSS	21		
Hvatapeningar sveitarfélagið Skagafjörður	22		
Reglur um Hvatapeninga	22		
Fréttapunktur ÍSí 2023	23		
Verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSí	24		
Fréttapunktur UMFÍ 2023	25		
Myndir Unglingalandsmót UMFÍ 2023 á Sauðárkróki	27		
Lottóreglugerð UMSS	28		
Íslenskar getraunir	29		
Styður þú þitt félag!	29		
Styrkir frá Íþróttasjóði, Ferðasjóði ÍSí og UMFÍ	30		
Lög Ungmennasambands Skagafjarðar	31		

Skýrsla 2023, lögð fram á 104. Ársþingi  
Ungmennasambands Skagafjarðar var unnin á skrifstofu  
UMSS af Thelmu Knútsdóttir í mars-apríl 2024

Umbrot og hönnun: Thelma Knútsdóttir

Höfundar efnis: Thelma Knútsdóttir, Gunnar Þór  
Gestsson, Þorvaldur Gröndal og Aðildarfélög UMSS

Ljósmyndir: Er m.a. úr safni UMSS, UMFÍ, ÍSí,  
sérsambanda, Feykir.is, mbl.is, Óli Arnar Brynjarsson,  
Davíð Már Sigurðsson og aðildarfélögum UMSS.



# Ávarp formanns

*Ágætu þingfulltrúar, félagsmenn og gestir.  
Velkomin á 104. ársþing Ungmennasambands Skagafjarðar.*

Frá stofnun íþróttahéraða hefur hlutverk þeirra breyst og þróast. Verkefni hafa meðal annars færst í íþróttafélög, leikfélög og skógræktarfélag. Þegar verkefnum fækkaði má segja að óvissan um hlutverk héraðanna hafi aukist. Svo mikið að hreyfingin hefur leitað leiða í yfir tuttugu ár, leiða sem sátt er um og leið sem verður til þess að skilgreina og efla starfsemina í héruðunum. Nokkrar tilraunir voru gerðar með takmörkuðum árangri og starfið í minni héruðum varð mjög lítið.

Á íþróttþingi ÍSÍ árið 2021 var ákveðið að stofna nýja nefnd sem átti að leita leiða til að efla íþróttahéruð. Ég var tilnefndur í þessa nefnd hjá ÍSÍ. Á þingi UMFÍ sama haust var einnig samþykkt að hefja nefndarstörf með sama markmiði. Ég tók við formennsku í þessari nefnd hjá UMFÍ. Á þessu sama íþróttþingi kynnti nefnd niðurstöður um reglur um lottóúthlutun. Verkefnið var að reyna að leiðrétta mismunun í úthlutun fjármuna. Engin lausn fannst á þessum tíma. Nefndirnar tvær voru þess vegna jafnhliða að tala um íþróttahéruðin og lottóúthlutun.

Núna höfum við í sameiningu hjá ÍSÍ og UMFÍ sett af stað nýtt skipulag sem snýst um að bæta við sextán stöðugildum á átta svæði um landið. Lottóúthlutunin miðast núna eingöngu við staðfestan fjölda barna, sautján ára og yngri. Öll landshorn verða með launaða sérfræðinga sem hafa það verkefni að styðja við íþróttastarf og almenna velferð barna. Þetta verður unnið á samræmdan hátt og aðferðafræði og þekking verður í boði fyrir alla.

Hjá UMFÍ er verkefni sem fjallar um betra félag og hjá ÍSÍ er vottunarferli fyrir fyrirmyndarfélag. Þessar verkfærakistur verða nýttar í þetta verkefni. Markmið mitt er að sjálfbóðaliðarnir okkar getir betur einbeitt sér að iðkandanum og launaðir starfsmenn uppfylli skyldur ÍSÍ, UMFÍ og ríkisins ásamt því að tryggja samfellu, öruggi og gæði í starfinu.

Við verðum að vera vakandi í að nýta okkur þessi nýju tækifæri, auka gleði og gæði, virkja fleiri sjálfbóðaliða og fleiri börn og ungmenni í starfinu okkar.

Kveðja/Kind regards,  
Gunnar Þór Gestsson



Stofnað 1910

Fjöldi aðildarféлага árið 2023; 10

Starf UMSS felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- Regnhlífarsamtök fyrir aðildarfélög sín og gætir hagsmuna þeirra.
- Útdeiling á Lottótekjum sem koma inn í héraðið.
- Ákveður skiptingu á fjármunum sem sveitarfélagið leggur til aðildarféлага UMSS.
- Stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert á héraðsvísu og ætluð aðildarfélögum.
- Stendur fyrir mótum á landsvísu s.s. meistaramótum, landsmótum og bikarkeppnum.
- Hefur umsjón með liðum sem send eru út héraði og keppa undir merkjum UMSS.
- Hefur umsjón með undirbúningi og utanumhald keppnisliðs UMSS fyrir Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ.
- Tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ

**Formaður:** Gunnar Þór Gestsson

**Gjaldkeri:** Þuríður Elín Þórarinsdóttir

**Ritari:** Þorvaldur Gröndal

**Meðstjórnendur:** Jóel Þór Árnason og Kolbrún Marvía Passaro

**Varastjórn:** Elvar Einarsson, Hrefna Reynisdóttir og Indriði Ragnar Grétarsson

**Frjálsípróttaráð:** Kolbrún Þórðardóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Thelma Knútsdóttir og Þórunn Eyjólfsdóttir

**Framkvæmdastjóri UMSS:**

Thelma Knútsdóttir

**Skoðunarmenn reikninga:**

Frímenn Guðbrandsson

Jóhann Sigmarsson

**Afreksmannasjóður:**

Gunnar Þór Gestsson

Guðrún Helga Tryggvadóttir

Ómar Bragi Stefánsson

Þuríður Elín Þórarinsdóttir, varamaður





## Dagskrá 104. ársþings UMSS

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
  - a. Þingforseti og varaforseti
  - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
  - a. Allsherjarnefnd
  - b. Fjárhagsnefnd
  - c. Íþróttanefnd
  - d. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf.
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal).
  - a. Kosning formanns
  - b. Kosning stjórnar og varastjórnar
  - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og varamaður
  - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál.
17. Þingslit





# Aðildarfélög UMSS



## Bílaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/bilaklubburaskagafjardar/>

Félagið stofnað 1989  
Formaður : Baldur Haraldsson  
Fjöldi félagsmanna: 94  
Fjöldi iðkenda: 94



## Golfklúbbur Skagafjarðar

<https://www.gss.is>

Félagið stofnað 1970  
Formaður : Róbert Óttarsson  
Fjöldi félagsmanna: 273  
Fjöldi iðkenda: 273



SKAGFIRÐINGUR

## Hestamannafélagið Skagfirðingur

<https://skagfirdingur.is/>

Félagið stofnað 2016  
Formaður : Elvar Einarsson  
Fjöldi félagsmanna: 656  
Fjöldi iðkenda: 656



## Íþróttafélagið Gróska

Félagið stofnað 1992  
Formaður : Salmína Sofia Tavsén  
Fjöldi félagsmanna: ?  
Fjöldi iðkenda: ?




Siglingaklúbburinn  
Drangey

## Siglingaklúbburinn Drangey

<https://www.facebook.com/siglingaklubburinnrangey/>

Félagið stofnað 2009  
Formaður : Kári Heiðar Árnason  
Fjöldi félagsmanna: 102  
Fjöldi iðkenda: 102



## Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

<https://www.facebook.com/ithrottir>

Félagið stofnað 1995  
Formaður : Anna Lilja Guðmundsdóttir  
Fjöldi félagsmanna: 78  
Fjöldi iðkenda: 143



## Ungmennafélagið Hjalti

<https://www.facebook.com/umfhjalti>

Félagið stofnað 1927  
Formaður : Christine Hellwig  
Fjöldi félagsmanna: 244  
Fjöldi iðkenda: 41



## Ungmennafélagið Neisti

<https://www.facebook.com/groups/101411456574104/>

Félagið stofnað 1898  
Formaður: Margrét Berglind Einarsdóttir  
Fjöldi félagsmanna: 411  
Fjöldi iðkenda: 98



## Ungmennafélagið Tindastóll

<https://www.tindastoll.is>

Félagið stofnað 1907  
Formaður : Magnús Barðdal Reynisson  
Fjöldi félagsmanna: 1854  
Fjöldi iðkenda: 683



## Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/groups/79689055901/>

Félagið stofnað 2005  
Formaður : Guðmundur Rúnar Guðmundsson  
Fjöldi félagsmanna: ?  
Fjöldi iðkenda: ?

## Félag sem óskar eftir aðild:

### Pílukastfélag Skagafjarðar

Félagið stofnað 2023  
Formaður : Arnar Geir Hjartarson  
Fjöldi félagsmanna:  
Fjöldi iðkenda:

Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarféлага byggir á starfsskýrsluskilum frá 2023 vegna ársins 2022.





## 103. Ársþing UMSS

103. Ársþing UMSS fór fram þann 21. mars 2023 í Ljósheimum. Gunnar Þór Gestsson formaður setti þing og tilnefndi Garðar Svansson, fyrir hönd ÍSÍ, sem þingforseta og Málfríði Sigurhansdóttur varapringforseta. Var það samþykkt samhljóða af þinginu. Tóku þau strax til starfa og voru þeir þorvaldur Gröndal og Óli Björn Pétursson kjörnir ritarar þingsins. Var þá tekið stutt þinghlé, þar sem samstarfsaðilar 24. Unglinglands móti UMFÍ skrifuðu undir samstarfssamning vegna mótsins. Eftir myndatökur tók þingið aftur til starfa. 62 þingfulltrúar áttu rétt á setu á þinginu en 38 fulltrúar voru mættir að þessu sinni. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS flutti pistil formans, þorvaldur Gröndal ritari UMSS fór yfir starfsskýrslu stjórnar og Thelma Knútsdóttir framkvæmdastjóri UMSS fór yfir ársreikning sambandsins. Sambandið var rekið með ríflega 1 milljón kr. halla og var ársreikningur samþykktur samhljóða í kjölfarið.

Garðar Svansson f.h. ÍSÍ kom upp pontu og veitti þeim Hirti Geirmundssyni og Magnúsi Helgasyni Silfurmerki ÍSÍ fyrir þeirra sjálfboðavinnu í þágu íþróttamála en þeir Hjörtur og Magnús hafa eytt mörgum árum í stjórn sinna félaga.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ tók þá til máls og veitti Hrafnhildi Pétursdóttur Gullmerki UMFÍ fyrir hennar óeigingjarna starf sem sjálfboðaliði sem hún sinnir enn að miklum krafti. Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ kynnti Landsmót 50+ , drullu- og forsetahlaupið sem eru íþróttaviðburðir UMFÍ auk Unglingalandsmóts sem fram fór á Sauðárkróki 3.-6. ágúst. Að auki sagði hann þingfulltrúum frá ákvörðun stjórnar UMSS, sem samþykkti á síðasta stjórnarfundum fyrir ársþing, að allir keppendur á aldrinum 11-18 ára úr Skagafirði geti skráð sig frítt á mótið.

## Stjórn UMSS

Gunnar Þór Gestsson bauð sig fram til áframhaldandi setu formanns. Þorvaldur Gröndal, Kolbrún Passaro, Þuríður Elín Þórarinsdóttir og Jól Árnason buðu sig fram til setu í tvö ár. Í varastjórn buðu eftirtaldir aðilar sig fram; Elvar Einarsson, Hrefna Reynisdóttir og Indriði Ragnar Grétarsson. Á milli ársþinga fundaði stjórn UMSS formlega 9 sinnum á ásamt því að formaður UMSS sótti 76. Íþróttþing ÍSÍ ásamt framkvæmdastjóra og 3 stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjóra sóttur 53. sambandsþing UMFÍ.

## Formannafundur

Formannafundur UMSS var haldinn 16. nóvember samhliða Fræðsludegi UMSS þar sem við fengum við að hlusta á Valdimar Gunnarsson tala um Farsælt samfélag fyrir öll – Brúum bilið. Hann skorar á aðildarfélag UMSS til þess að láta sig málefni fatlaðra varða og leggja sitt að mörkum til þess að auka þátttöku fatlaðra einstaklinga í íþróttastarfi. Fundurinn var vel sóttur en hann fór fram í Ljósheimum.

## Breytingar á Lottó úthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ á árinu voru samþykktar umtalsverðar breytingar á úthlutunarreglum Lottófjármuna er snúa að hlutdeild héraðssambanda og eru reglurnar nú samhljóðandi milli ÍSÍ og UMFÍ hvað þetta varðar. Hlutdeild héraðssambanda skiptist nú á þann veg að 15% rennur til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða en 85% eftir íbúafjölda 18 ára og yngri, m.v. 31. desember næstliðins árs. Samhliða þessu féllu út ýmis ákvæði er sneru að skerðingum sambandsaðila eða tilteknum jöfnum hlut þeirra á milli og hafa skiptireglurnar því verið einfaldaðar til muna. Þá hafa ÍBR og ÍBH öðlast aðild að UMFÍ en um fremur fjölmenn íþróttabandalög er um að ræða sem nú fá einnig hlutdeild í Lottótekjum UMFÍ. Ekki er vitað hve mikil áhrif þetta hefur á tekjur UMSS. En það má gera ráð fyrir minniháttar lækkun á reglubundnum lottótekjum UMSS sem koma til skiptingar skv. Lottóreglugerð sambandsins. Að þessu sinni er ekki gerð tillaga um breytingar á Lottóreglugerð sambandsins til þessa að mæta áhrifum á rekstur UMSS heldur stefnt að því að standa vörð um hlutdeild aðildarfélaganna með breyttum áherslum í rekstri. Takist það ættu áhrif á lottótekjur aðildarféлага UMSS að vera hverfandi.

## Íþróttamaður ársins

Árleg hátíðarsamkoma Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) og Skagafjarðar, þar sem tilkynnt er hverjir hljóta nafnbótina íþróttamaður ársins, lið ársins og þjálfari ársins, fór fram í Ljósheimum 27. desember.

- Íþróttamaður ársins 2023 - Sigtryggur Arnar Björnsson
- Þjálfari ársins 2023 - Pavel Ermolinskij
- Lið ársins 2023 - Meistarafll. karla körfuknattleiksdeild Tindastóls

Fimm voru tilnefndir sem íþróttamenn Skagafjarðar; Anna Karen Hjartardóttir kylfingur í Golfklúbbi Skagafjarðar, Daníel Gunnarsson hestamaður í Hestamannafélaginu Skagfirðingi, Ísak Óli Traustason, frjálsíþróttamaður í Umf. Tindastól, Murielle Tiernan knattspyrnumaður í Umf. Tindastól og Sigtryggur Arnar Björnsson körfuknattleiksmaður í Umf. Tindastól. Arnar var að auki valinn Íþróttamaður Tindastóls.

Auk Pavels voru Annika Líf Mariudóttir Noack (júdódeild Tindastóls), Atli Freyr Rafnsson (Golfklúbbi Skagafjarðar), Halldór Jón Sigurðsson (knattspyrnudeild Tindastóls) og Sigurður Arnar Björnsson (frjálsíþróttadeild Tindastóls) tilnefnd sem þjálfarar ársins.

Þá voru kvennasveit Golfklúbbs Skagafjarðar og kvennalið Tindastóls í knattspyrnu tilnefnd sem lið ársins ásamt körfuboltaliði karla hjá Tindastóli. Það voru þeir Pétur Rúnar, Drungilas, Helgi Rafn og Arnar Björns sem tóku við verðlaununum fyrir hönd meistaraliðsins.

Boðið var upp á veitingar og Sæþór Már Hinriksson sá um að allir væru syngjandi kátir. Gunnar Þór Gestsson, formaður UMSS, hafði veg og vanda að afhendingu verðlauna.





# Skýrsla stjórnar UMSS, frh.

## Verndum þau

UMSS, USAH og USVH héldu námskeið þann 2. nóvember fyrir þjálfara og stjórnarfólk sambandanna. Námskeiðið var haldið á Sauðárkróki, upp á þekju í Árskóla.

Markmið námskeiðsins er að fyrirbyggja kynferðisofbeldi gegn börnum, þekkja vísbendingar og einkenni ofbeldis og læra að bregðast rétt við. Við hvetjum öll önnur íþróttafélög og foreldrafélög til að setja sig í samband við Barnaheill. Við þökkum Guðrúnu Bjarnadóttur sérfræðingi frá Barnaheillum fyrir góða og mikilvæga fræðslu öllum til heilla.

## Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki

Rúmlega þúsund þátttakendur á aldrinum 11 til 18 ára kepptu í fjölda greina í blíðskapar veðri á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina og er talið að á bilinu 4.000 til 5.000 gestir hafi mætt í bæinn til að taka þátt í mótinu. Fyrirkomulag mótsins var með breyttu sniði, þar sem lagt var upp með að keppendur gætu prófað/tekið þátt í sem flestum greinum. Keppni í fjölmönnum greinum eins og knattspyrnu og körfubolta á einum degi, líka í grasblaki og grashandbolta auk þess sem keppni í frjálsum var í tvo daga í stað þriggja. Undirtektir foreldra voru jákvæð enda minni hætta á að greinar skarist og þurfa foreldrar og þátttakendur ekki að hlaupa á milli mótssvæða eins og áður.

Foreldrar þátttakenda, forráðamenn og systkini höfðu nóg að gera alla dagana í alls konar afþreyingu og viðburðum og gátu prófað ýmsar forvitnilegar greinar eins og blindrabolta, hlaupaskotfimi, grasblak og margt fleira. Karl Lúðvíksson, stýrði blindrabolta á ULM. Í blindrabolta er bundið fyrir augu þátttakenda og fylgja aðstoðarmenn hverjum þeirra og leiðbeina. Boltinn er með þjöllu sem heyrir í og þurfa leikmenn því að hlusta vel eftir boltanum ætli þeir að skora.

Aðrar greinar sem mótsgestir á öllum aldri gátu komið og tekið þátt í án þess að skrá sig sérstaklega var opinn flokkur í bogfimi, pílukast og frisbígolf.


Keppendur á vegum UMSS voru yfir 100 talsins. Metþátttaka var í kökuskreytingum en tæplega 400 þátttakendur voru skráðir til leiks.

Mótsslit Unglingalandsmóts UMFÍ voru glæsileg. Í fyrsta sinn var brekkusöngur en þar komu fram Bræðslustjórinn Magni, félagarnir Jón Arnór og Baldur og Guðrún Árný, sem fékk alla brekkuna til að syngja með sér.


Unglingalandsmótinu var svo slitið með glæsilegri flugeldasýningu.




## UPPLIFUN ÞÁTTTAKENDA 2023



Kynjaskipting þátttakenda á Unglingalandsmóti 2023 var eftirfarandi



92% þátttakenda fannst framkvæmd mótsins takast vel eða mjög vel



98% þátttakenda myndu mæla með mótinu við aðra



UMSS  
Ársreikningur 2023

Ungmennasamband Skagafjarðar,  
UMSS  
Víðigrund 5  
550 Sauðárkrúkur  
kt. 670269-0359

## Áritanir

Stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Skagafirði 26. apríl 2024

Gunnar Gestsson, formaður

Puríður Þórarinsdóttir

Kolbrún Marvía Passaro

Þorvaldur Gröndal

Jóel Árnason

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga Ungmennasambands Skagafjarðar höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2023. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2023 og efnahagsreikningi 31. desember 2023. Við teljum ársreikninginn vera í samræmi við lög og samþykktir sambandsins. Leggjum við því til að hann verði samþykktur.

Skagafirði 26. apríl 2024

Frimann Guðbrandsson



Jóhann Sigmarsson





## Samantekinn rekstrarreikningur árið 2023

	Aðalsjóður	Frjáls- íþróttaráð	Hússjóður	Lottó- sjóður	Millifærslur	Samtals 2023	Samtals 2022
<b>Rekstrartekjur:</b>							
Hlutdeild í lottótekjum .....	4.030.007			14.180.728	( 4.191.010)	14.019.725	15.175.937
Aðrar tekjur .....	8.526.944	335.000	2.441.940	0	( 1.988.202)	9.315.682	5.458.951
	<u>12.556.951</u>	<u>335.000</u>	<u>2.441.940</u>	<u>14.180.728</u>	<u>( 6.179.212)</u>	<u>23.335.407</u>	<u>20.634.888</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>							
Yfirstjórn og skrifstofa .....	8.232.726	0	0	0	( 900.000)	7.332.726	6.578.390
Úthlutað úr lottósjóði .....				14.180.728	( 5.029.212)	9.151.516	10.146.725
Annar rekstrarkostnaður .....	5.633.090	1.002.900	2.409.832	0	( 250.000)	8.795.822	4.931.720
	<u>13.865.816</u>	<u>1.002.900</u>	<u>2.409.832</u>	<u>14.180.728</u>	<u>( 6.179.212)</u>	<u>25.280.064</u>	<u>21.656.835</u>
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>( 1.308.865)</b>	<b>( 667.900)</b>	<b>32.108</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>( 1.944.657)</b>	<b>( 1.021.947)</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>							
Vaxtatekjur .....	78.846	3.035	4.790	62.595		149.266	36.808
Vaxtagjöld .....	( 68.275)	( 668)	( 1.054)	( 13.771)		( 83.768)	( 35.689)
	<u>10.571</u>	<u>2.367</u>	<u>3.736</u>	<u>48.824</u>	<u>0</u>	<u>65.498</u>	<u>1.119</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b><u>( 1.298.294)</u></b>	<b><u>( 665.533)</u></b>	<b><u>35.844</u></b>	<b><u>48.824</u></b>	<b><u>0</u></b>	<b><u>( 1.879.159)</u></b>	<b><u>( 1.020.828)</u></b>



## Samantekinn efnahagsreikningur 31. desember 2023

### EIGNIR:

	Aðalsjóður	Frjáls- íþróttaráð	Hússjóður	Lottó- sjóður	Millifærslur	Samtals 2023	Samtals 2022
<b>Veltufjármunir:</b>							
Óinnheimtar tekjur .....	1.150.000	43.500		1.678.519		2.872.019	3.932.465
Krafa á lottósjóð .....	8.297.989		0	0	( 8.297.989)	0	0
Krafa á frjálsíþróttaráð og hússjóð .....	2.877.464				( 2.877.464)	0	0
Handbært fé .....	4.293.888	446.005	109.739	10.733.832		15.583.464	9.204.901
Veltufjármunir samtals	<u>16.619.341</u>	<u>489.505</u>	<u>109.739</u>	<u>12.412.351</u>	<u>( 11.175.453)</u>	<u>18.455.483</u>	<u>13.137.366</u>
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>16.619.341</u></b>	<b><u>489.505</u></b>	<b><u>109.739</u></b>	<b><u>12.412.351</u></b>	<b><u>( 11.175.453)</u></b>	<b><u>18.455.483</u></b>	<b><u>13.137.366</u></b>

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

#### Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé .....	4.342.329	( 1.412.380)	( 865.840)	331.101		2.395.210	4.274.369
Eigið fé samtals	<u>4.342.329</u>	<u>( 1.412.380)</u>	<u>( 865.840)</u>	<u>331.101</u>	<u>0</u>	<u>2.395.210</u>	<u>4.274.369</u>

#### Skammtímaskuldir:

Ógreidd lottóúthlutun .....				3.783.261		3.783.261	4.649.522
Skuld við UMSS .....	0	1.901.885	975.579	8.297.989	( 11.175.453)	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	12.277.012	0	0			12.277.012	4.213.475
Skammtímaskuldir samtals	<u>12.277.012</u>	<u>1.901.885</u>	<u>975.579</u>	<u>12.081.250</u>	<u>( 11.175.453)</u>	<u>16.060.273</u>	<u>8.862.997</u>
Skuldir samtals	<u>12.277.012</u>	<u>1.901.885</u>	<u>975.579</u>	<u>12.081.250</u>	<u>( 11.175.453)</u>	<u>16.060.273</u>	<u>8.862.997</u>

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>16.619.341</u></b>	<b><u>489.505</u></b>	<b><u>109.739</u></b>	<b><u>12.412.351</u></b>	<b><u>( 11.175.453)</u></b>	<b><u>18.455.483</u></b>	<b><u>13.137.366</u></b>
------------------------------------	--------------------------	-----------------------	-----------------------	--------------------------	-----------------------------	--------------------------	--------------------------

## Rekstrarreikningur árið 2023 - Aðalsjóður

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Félagsgjöld aðildarféлага .....		1.939.300	1.588.104
Lottó og getraunir .....		4.030.007	4.191.010
Styrkir .....	1	4.724.763	2.611.820
Aðrar tekjur .....	2	1.056.880	250.000
Afreksmannasjóður .....		806.001	838.202
		<u>12.556.951</u>	<u>9.479.136</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Yfirstjórn og skrifstofa .....	3	8.232.726	7.478.390
Kostnaður vegna íþrótta .....	4	1.846.500	536.230
Annar kostnaður .....	5	2.786.590	882.284
Greitt úr afreksmannasjóði .....	6	1.000.000	624.000
		<u>13.865.816</u>	<u>9.520.904</u>
<b>Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		<b>( 1.308.865)</b>	<b>( 41.768)</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		78.846	14.343
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		( 68.275)	( 30.747)
		<u>10.571</u>	<u>( 16.404)</u>
<b>Niðurstaða ársins</b>		<b><u>( 1.298.294)</u></b>	<b><u>( 58.172)</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023 - Aðalsjóður

### EIGNIR:

	Skýr.	2023	2022
<b>Veltufjármunir:</b>			
Óinnheimtar tekjur .....		1.150.000	2.310.000
Krafa á lottósjóð .....		8.297.989	0
Krafa á frjálsíþrótta- og hússjóð .....		2.877.464	1.994.383
Handbært fé .....	7	4.293.888	6.546.263
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b><u>16.619.341</u></b>	<b><u>10.850.646</u></b>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>16.619.341</u></b>	<b><u>10.850.646</u></b>

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

<b>Eigið fé:</b>			
Fært frá fyrra ári .....		5.640.623	5.698.795
Niðurstaða ársins .....		( 1.298.294)	( 58.172)
<b>Eigið fé samtals</b>		<b><u>4.342.329</u></b>	<b><u>5.640.623</u></b>
<b>Skuldir:</b>			
Skuld við lottósjóð .....		0	996.548
Aðrar skammtímaskuldir .....		12.277.012	4.213.475
<b>Skuldir samtals</b>		<b><u>12.277.012</u></b>	<b><u>5.210.023</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>16.619.341</u></b>	<b><u>10.850.646</u></b>



## Sundurliðanir - Aðalsjóður

	2023	2022
<b>1. Styrkir:</b>		
Sveitarfélagið Skagafjörður .....	1.742.000	1.800.000
Sveitarfélagið Skagafjörður, húsaleigustyrkur .....	780.000	780.000
Unglingalandsmót 2023 .....	2.202.763	0
Ýmsir styrkir .....	0	31.820
	<u>4.724.763</u>	<u>2.611.820</u>
<b>Sundurliðun, styrkir Svf. Skagafjörður:</b>		
<b>1a</b> Greiðslur frá Svf. Skagafirði .....	10.554.000	10.554.000
Tekjufærð eldri skuld á móti greiðslum .....	992.000	0
Barna- og unglíngaráð Knattspyrnudeildar Tindastóls .....	( 2.303.980)	( 1.596.000)
Unglíngaráð körfuknattleiksdeildar Tindastóls .....	( 2.299.480)	( 1.722.000)
Íþrótt- og ungmennafélagið Smári .....	( 1.150.400)	( 714.000)
Hestamannafélagið Skagfirðingur .....	( 442.500)	( 1.350.000)
Frjálsíþróttadeild Tindastóls .....	( 1.459.410)	( 1.086.000)
Ungmennafélagið Neisti .....	( 802.500)	( 498.000)
Skíðadeild Tindastóls .....	( 361.450)	( 366.000)
Sunddeild Tindastóls .....	( 143.950)	( 378.000)
Ungmennafélagið Hjalti .....	( 41.180)	( 66.000)
Tindastóll, aðalstjórn .....	( 134.000)	( 84.000)
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar .....	( 86.700)	( 60.000)
Júdódeild Tindastóls .....	( 497.950)	( 624.000)
Bogfimideild Tindastóls .....	( 42.500)	( 114.000)
Badmintondeild .....	( 38.000)	( 96.000)
	<u>1.742.000</u>	<u>1.800.000</u>
<b>1b Sundurliðun, Landsmót 2023:</b>		
Greiðslur frá UMFÍ .....	17.971.050	0
Aðrir styrkir vegna ULM .....	600.000	0
Skagafjörður .....	( 8.300.000)	0
Deildir innan UMSS .....	( 7.393.750)	0
Annar kostnaður vegna ULM .....	( 674.537)	0
	<u>2.202.763</u>	<u>0</u>
<b>2 Aðrar tekjur:</b>		
UMFÍ .....	100.000	250.000
Styrkir vegna peysur .....	710.000	0
Seldar peysur .....	246.880	0
	<u>1.056.880</u>	<u>250.000</u>
<b>3 Yfirstjórn og skrifstofa:</b>		
Laun .....	5.108.366	4.739.860
Launatengd gjöld .....	1.121.380	1.134.325
Húsaleiga, tryggingar .....	1.610.289	909.470
Sími og burðargjöld .....	56.883	80.420
Tölvubúnaður og tölvuþjónusta .....	190.983	280.800
Annar skrifstofukostnaður .....	144.825	333.515
	<u>8.232.726</u>	<u>7.478.390</u>

## Sundurliðanir frh.:- Aðalsjóður

	2023	2022
<b>4 Kostnaður vegna íþróttar:</b>		
Framlag til Hestamannafélagsins Skagfirðings .....	200.000	0
Framlag til Frjálsíþróttaráðs .....	0	250.000
Skráningargjöld landsmóts .....	1.646.500	286.230
	<u>1.846.500</u>	<u>536.230</u>
<b>5 Annar kostnaður:</b>		
Keyptar peysur .....	1.456.809	0
Íþróttamaður Skagafjarðar .....	244.946	50.170
Bókhalds- og uppgjörskostnaður .....	218.860	141.956
Fræðsludagur UMSS .....	117.734	371.243
Samskipti við UMFÍ, ÍSÍ, þing ofl. ....	186.000	212.781
Ráðstefnur og fyrirlestrar .....	52.000	
Ársþing UMSS .....	359.000	19.735
Annar kostnaður .....	151.241	86.399
	<u>2.786.590</u>	<u>882.284</u>
<b>6 Afreksmannasjóður - styrkþegar:</b>		
8 (8) styrkþegar .....	1.000.000	624.000
	<u>1.000.000</u>	<u>624.000</u>
<b>7 Bankainnstæður:</b>		
Aðalstjórn, 0349-26-1997 .....	3.060.729	4.920.676
0349-13-251904 .....	12.768	76.214
Landsmótssjóður, 0349-13-251902 .....	1.516	191.899
Afreksmannasjóður, 0349-13-251900 .....	1.192.312	937.105
Velferðarsjóður, 0349-13-251901 .....	3.219	397.553
Greiðslukortareikningur 0349-26-359 .....	9.203	9.112
0161-26-70005 .....	14.141	13.704
	<u>4.293.888</u>	<u>6.546.263</u>



## Rekstrarreikningur árið 2023 - Frjálsíþróttaráð

	2023	2022
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Tekjur af mótahaldi .....	335.000	236.000
Framlag frá UMSS .....	0	250.000
	<u>335.000</u>	<u>486.000</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Skráningargjöld .....	873.500	747.250
FRÍ, þjónustugjald .....	0	116.000
Mótakostnaður .....	129.400	87.705
Keppnisfatnaður .....	0	( 8.555)
	<u>1.002.900</u>	<u>942.400</u>
<b>Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>( 667.900)</b>	<b>( 456.400)</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtatekjur .....	3.035	355
Fjármagnstekjuskattur .....	( 668)	( 78)
	<u>2.367</u>	<u>277</u>
<b>Niðurstaða ársins</b>	<b>( 665.533)</b>	<b>( 456.123)</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023 - Frjálsíþróttaráð

### EIGNIR:

	2023	2022
<b>Veltufjármunir:</b>		
FRÍ v. MÖ 2022 .....	0	150.000
Umf. Smárinn .....	43.500	0
Bankareikningur 0319-26-1280 .....	446.005	149.538
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b><u>489.505</u></b>	<b><u>299.538</u></b>
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>489.505</u></b>	<b><u>299.538</u></b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Fært frá fyrra ári .....	( 746.847)	( 290.724)
Niðurstaða ársins .....	( 665.533)	( 456.123)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b><u>( 1.412.380)</u></b>	<b><u>( 746.847)</u></b>
<b>Skuldir:</b>		
UMSS .....	1.901.885	1.046.385
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b><u>1.901.885</u></b>	<b><u>1.046.385</u></b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b><u>1.901.885</u></b>	<b><u>1.046.385</u></b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>489.505</u></b>	<b><u>299.538</u></b>

## Rekstrarreikningur árið 2023 - Hússjóður

	2023	2022
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Húsaleiga UMFÍ .....	841.940	773.027
Húsaleiga UMSS .....	1.600.000	900.000
	<u>2.441.940</u>	<u>1.673.027</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Húsaleiga .....	2.313.323	2.144.877
Hiti og rafmagn .....	96.509	51.929
	<u>2.409.832</u>	<u>2.196.806</u>
<b>Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	32.108	( 523.779)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtatekjur .....	4.790	1.031
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....	( 1.054)	( 227)
	<u>3.736</u>	<u>804</u>
<b>Niðurstaða ársins</b>	<u>35.844</u>	<u>( 522.975)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023 - Hússjóður

### EIGNIR:

	2023	2022
<b>Veltufjármunir:</b>		
Bankareikningur 0161-26-7070 .....	109.739	46.314
Veltufjármunir samtals	<u>109.739</u>	<u>46.314</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>109.739</u>	<u>46.314</u>

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

<b>Eigið fé:</b>		
Fært frá fyrra ári .....	( 901.684)	( 378.709)
Niðurstaða ársins .....	35.844	( 522.975)
Eigið fé samtals	<u>( 865.840)</u>	<u>( 901.684)</u>
<b>Skuldir:</b>		
UMSS .....	975.579	947.998
Skammtímaskuldir samtals	<u>975.579</u>	<u>947.998</u>
Skuldir samtals	<u>975.579</u>	<u>947.998</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>109.739</u>	<u>46.314</u>

## Rekstrarreikningur árið 2023 - Lottósjóður

	2023	2022
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Lottótekjur .....	14.180.728	15.175.937
	<u>14.180.728</u>	<u>15.175.937</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
UMSS, aðalsjóður .....	4.030.007	4.191.010
UMSS, afreksmannasjóður .....	806.001	838.202
Óskipt úthlutun .....	( 272.284)	2.581.326
Bílaklúbbur Skagafjarðar .....	309.197	182.140
Golfklúbbur Sauðárkróks .....	874.070	582.910
Hestamannafélagið Skagfirðingur .....	2.197.561	1.618.049
Íþróttafélagið Gróska .....	27.442	67.305
Siglingaklúbburinn Drangey .....	255.735	418.614
Ungmennafélagið Hjalti .....	251.156	482.543
Ungmennafélagið Neisti .....	315.086	272.455
Ungmennafélagið Tindastóll .....	3.846.618	3.107.202
Ungmenna og íþróttafélagið Smári .....	1.352.786	630.861
Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar .....	187.353	203.320
	<u>14.180.728</u>	<u>15.175.937</u>
<b>Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	0	0
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtatekjur .....	62.595	21.079
Fjármagnstekjuskattur .....	( 13.771)	( 4.637)
	<u>48.824</u>	<u>16.442</u>
<b>Niðurstaða ársins</b>	<u>48.824</u>	<u>16.442</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023 - Lottósjóður

### EIGNIR:

	2023	2022
<b>Veltufjármunir:</b>		
Óinnheimtar lottótekjur .....	1.678.519	1.472.465
UMSS .....	0	996.548
Bankareikningur 0349-05-251903 .....	10.733.832	2.462.786
Veltufjármunir samtals	<u>12.412.351</u>	<u>4.931.799</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>12.412.351</u>	<u>4.931.799</u>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Fært frá fyrra ári .....	282.277	265.835
Niðurstaða ársins .....	48.824	16.442
Eigið fé samtals	<u>331.101</u>	<u>282.277</u>
<b>Skuldir:</b>		
Ógreidd lottóúthlutun .....	3.783.261	4.649.522
UMSS .....	8.297.989	0
Skammtímaskuldir samtals	<u>12.081.250</u>	<u>4.649.522</u>
Skuldir samtals	<u>12.081.250</u>	<u>4.649.522</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>12.412.351</u>	<u>4.931.799</u>



## Fjöldi þingfulltrúa á 103. Ársþingi UMSS 2023

Aðildarfélag	Félagar 18+	Þingfulltrúar	Mættir
Bílaflúbbur Skagafjarðar	90	2+1	0
Golfklúbbur Skagafjarðar	182	4+1	5
Hestamannafélagið Skagfirðingur	496	7+1	8
Íþróttafélagið Gróska	40	2+1	0
Siglingarklúbburinn Drangey	132	3+1	3
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	467	7+1	5
Ungmennafélagið Hjalti	211	5+1	2
Ungmennafélagið Neisti	315	6+1	4
Ungmennafélagið Tindastóll	1517	14+1	11
Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar	76	2+1	1
<b>Samtals</b>	<b>3526</b>	<b>52+10</b>	<b>39</b>

Mættir voru 39 fulltrúi af 62.

2 aðildarfélög mættu ekki á ársþingið.

## Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 104. Ársþingi UMSS 2024

Aðildarfélag	Félagar 18+	Þingfulltrúar
Bílaflúbbur Skagafjarðar	94	2+1
Golfklúbbur Skagafjarðar	206	5+1
Hestamannafélagið Skagfirðingur	506	8+1
Íþróttafélagið Gróska	0	1
Siglingarklúbburinn Drangey	79	2+1
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	467	7+1
Ungmennafélagið Hjalti	217	5+1
Ungmennafélagið Neisti	315	6+1
Ungmennafélagið Tindastóll	1231	14+1
Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar	0	1
<b>Samtals</b>	<b>3115</b>	<b>49+10</b>

Fækkun félagsmanna milli ára má rekja til að ekki var skilað inn skýrslu aðildarféлага í Sportabler hjá 2 aðildarfélögum UMSS á síðasta ári.

# FRÆÐSLUDAGUR UMSS

**16. NÓVEMBER 2023**

**KL. 17:30 Í LJÓSHEIMUM**

Ungmennasamband Skagafjarðar býður formönnum, stjórnnum aðildarféлага og þeirra deilda ásamt þjálfurum og öðrum sem áhuga hafa, á Fræðsludag UMSS 2023.



- **FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ÖLL - BRÚUM BILIÐ**  
Valdimar Smári Gunnarsson, verkefnastjóri "Allir með".
- **UPPGJÖR UNGLINGALANDSMÓTS** - Sjálfboðaliðar móts
- **FORMANNAFUNDUR AÐILDARFÉLAGA**

# UMFÍ

FRANNSÓKNIR - NYSKÖFUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF  
**HIÞINGAÐ OG LENGRA**



Fræðsludagur UMSS var haldin þann 16.nóvember 2023

Boðið var upp á 1 fyrirlestur, uppgjör unglingsmóts fór fram og endað var á formannafundi aðildarféлага UMSS

Styrkir frá Íþróttasjóði og UMFÍ gera okkur kleift að bjóða okkar félagsmönnum á fræðsludag UMSS, súpa og kaffi var í boði fyrir þá sem mættu.

Íþróttahreyfingin mun koma á fót átta svæðisskrifstofum með stuðningi stjórnvalda. Svæðisskrifstofurnar munu þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins og ná til tæplega 500 íþrótt- og ungmennafélaga um allt land og allra iðkenda á öllum aldri.

Stofnun starfsstöðvanna átta fellur vel að áherslum og stefnu mennta- og barnamálaráðuneytisins í íþróttamálum til ársins 2030. Horft er til þess að auka íþróttapátttöku barna og ungmenna, auka áherslu á þátttöku fatlaðra barna í íþróttastarfi, ná betur til barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Eitt af markmiðum stefnumótunarinnar er jafnframt að ÍSí og UMFÍ skilgreini hlutverk íþróttahéraða að nýju og meti starfsemi þeirra með það að leiðarljósi að efla hana enn frekar. Til viðbótar er horft til samlegðaráhrifa við verkefni ríkis og sveitarfélaga, s.s. samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, skólþjónustu og æskulýðsstarf.

Tillögur um stofnun starfsstöðvanna voru samþykktar á þingi ÍSí vorið 2023 og á þingi UMFÍ haustið 2023. Auk þess að setja á laggirnar átta svæðisskrifstofur munu ÍSí og UMFÍ samkvæmt samningi við ráðuneytið koma á Hvatasjóði, þar sem íþróttahéruð/félög/deildir geta sótt um stuðning við verkefni er miða t.d. að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna.

Mennta- og barnamálaráðuneytið mun veita 400 m.kr. til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSí og UMFÍ 130 m.kr. af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 m.kr. til Hvatasjóðs. Á hverri svæðisskrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.

Stofnun starfsstöðvanna átta fellur vel að áherslum og stefnu mennta- og barnamálaráðuneytisins í íþróttamálum til ársins 2030. Horft er til þess að auka íþróttapátttöku barna og ungmenna, auka áherslu á þátttöku fatlaðra barna í íþróttastarfi, ná betur til barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

## Norðurland vestra:

Ungmennasamband austur Húnavetninga (USAH)  
Ungmennasamband vestur Húnavetninga (USVH)  
Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS)

## Helstu verkefni svæðisskrifstofana

- Samstarf, samskipti og stuðningur við íþróttahéruð og aðildarfélög.
- Samstarf og samskipti við opinbera aðila varðandi stuðning og þjónustu íþróttafélaga um allt land.
- Vinnsla verkefna sem tengjast aukinni þátttöku barna í íþróttum og farsæld.
- Verkefnisstjórnun og vinna að nýsköpunarverkefnum.
- Móta skipulag og eftirfylgni tengt fræðslumálum íþróttahéraða.
- Fræðsla og kynning til íþróttahéraða og aðildarfélaga í ýmsum málum.
- Samræming málaflokka, stjórnarháttar, verkferla, öryggis- og viðbragðsáætlana.
- Koma upp og viðhalda leiðbeiningum og viðmiðum fyrir stjórnun íþróttahéraða og stjórnendur íþróttafélaga.
- Yfirlit og eftirfylgni með lögbundnum skyldum íþróttahéraða og aðildarfélaga.
- Umsjón og þátttaka í samráði og á samræmingarfundum.

## Markmiðið með svæðisskrifstofunum

- Að vinna með íþróttahéruðum að eflingu íþróttastarfs um allt land.
- Að vinna að innleiðingu á stefnu og markmiðum íþróttahreyfingarinnar.
- Að vinna að innleiðingu á stefnu og markmiðum stjórnvalda í íþróttamálum.
- Að bæta almennt umgjörð í kringum íþróttastarf.



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og barnamálaráðuneytið

**UMFÍ**



# UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki

## Heiðursfélagar UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1987

## Gullmerki UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1984

Haraldur Þ. Jóhannsson 2004


Páll Ragnarsson 2007

Björn Hansen 2022

Gunnar Sigurðsson 2022

Hrafnhildur Pétursdóttir 2023

Árni Stefánsson 2023



## Starfsmerki UMFÍ

Stefán Pedersen 1971

Helgi Rafn Traustason 1980

Páll Ragnarsson 1980

Stefán Guðmundsson 1980

Gunnar Sigurðsson 1992

Hjörtur Geirmundsson 2012

Hrafnhildur Pétursdóttir 2012

Jónína Stefánsdóttir 2012

Árni Stefánsson 2013

Kári Marísson 2013

Friðbjörg Vilhjálmsdóttir 2017

Ingimar Ingimarsson 2017

Símon Gestsson 2017

Björn Hansen 2018

Sigurlína H. Einarsdóttir 2018

Skúli Jónsson 2018

Gunnar Þór Gestsson 2019

Sara Gísladóttir 2019

Helga Eyjólfadóttir 2022

I. Klara Helgadóttir 2022

Jóhannes Þórðarson 2022

Árný Lilja Árnadóttir 2023

Rafn Ingi Rafnsson 2023

Sigurjón Leifsson 2023

## ÍSÍ gull- og silfurmerki

### Gullmerki ÍSÍ

Páll Ragnarsson 1982

Trausti Sveinsson 1996

Viggó Jónsson 2019

Ómar Bragi Stefánsson 2022

### Silfurmerki ÍSÍ

Haraldur Þór Jóhannsson 2005

Hjalti Þórðarson 2005

Ómar Bragi Stefánsson 2005

Steinunn Hjartadóttir 2006

Halldór Halldórsson 2008

Gunnar Sigurðsson 2022

Hjörtur Geirmundsson 2023

Magnús Helgason 2023



# Afrekssjóður UMSS

Í ár sóttu þrettán einstaklingar um styrk í sjóðinn, átta fengu úthlutað en fimm umsóknum var hafnað vegna þess að þær voru ekki sendar inn tímalega, en umsóknarfrestur í Afrekssjóð er til og með 30. nóvember ár hvert. Nefndarmenn sjóðsins eru þau Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS, Guðrún Helga Tryggvadóttir og Ómar Bragi Stefánsson. Eftirtaldir aðilar í stafrófsröð fengu úthlutað úr sjóðnum í ár;

**Andrea Maya Chirikadzi**  
**Emma Katrín Helgadóttir**  
**Eva Rún Dagsdóttir**  
**Jóhanna María Grétarsdóttir Noack**  
**Júlía Marín Helgadóttir**  
**Ísak Óli Traustason**  
**Pétur Rúnar Birgisson**  
**Sveinbjörn Óli Svavarsson**

## AFREKSSJÓÐUR UMSS

**Ungmennasamband Skagafjarðar óskar eftir umsóknum frá iðkendum í aðildarfélögum UMSS í afrekssjóð UMSS fyrir árið 2023**

**Rétt til styrkveitinga eiga þeir, sem skara framúr í íþróttagreini sinni.**

**Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn að sækja skriflega um til framkvæmdastjóra UMSS og jafnframt að gera grein fyrir forsendum umsóknarinnar.**

Umsóknir sendist á netfangið [umss@umss.is](mailto:umss@umss.is)  
Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2023.


Sjá nánar á <https://www.umss.is>



## Reglugerð um Afrekssjóð UMSS

- 1.grein.** Sjóðurinn heitir Afrekssjóður UMSS. Hlutverk hans er að styrkja afrekssfólk aðildarfélaganna UMSS.
- 2.grein.** Tilgangur sjóðsins er sá að taka þátt í kostnaði afrekssfólks UMSS vegna þátttöku í æfingum og keppni á landsvísu og fyrir hönd Íslands.
- 3.grein.** Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum og einum til vara. Ársþing UMSS kys tvo einstaklinga í stjórnina og einn til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Formaður UMSS er þriðji maður stjórnar og formaður sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.
- 4.grein.** Tekjur sjóðsins eru ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskri Getspá, skv. Lottóreglugerð. Að auki frjáls framlög einstaklinga, stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga.
- 5.grein.** Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.
- 6.grein.** Sjóðsstjórn skal taka mið af kostnaði einstaklingsins við ákvörðun á styrkveitingu.
- 7.grein.** Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn að sækja skriflega um til framkvæmdastjóra UMSS og jafnframt að gera grein fyrir forsendum umsóknarinnar. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.
- 8. grein.** Formaður UMSS boðar til fundar í sjóðstjórn á tímabilinu 1.-14. desember ár hvert. Styrkinn skal afhenda við hentugt tilefni fyrir lok almanaksársins.
- 9. grein.** Sjóðstjórn gerir grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum í ársskýrslu UMSS.
- 10. grein.** Skoðunarmenn UMSS eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.
- 11. grein.** Breytinga á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi UMSS að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

# Iðkendur sérsambanda aðildarfélag UMSS





# Hvatapeningar sveitarfélagið Skagafjörður

Öll börn í Sveitarfélaginu Skagafirði 5 - 18 ára á árinu eiga rétt á Hvatapeningum að upphæð 40.000 kr. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður æfinga- / þátttökugjöld í skipulögðu íþrótt-, lista- og æskulýðsstarfi. Réttur til Hvatapeninga fyrir ár hvert fellur niður í árslok. Ónýtir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára. Til að sækja um Hvatapeninga þarf að fara inn á [íbúagátt](#) og velja Sportabler skráningarkerfi. Þar er smeltt á viðeigandi tómsund og valið að greiða með hvatapeningum. Ef þessi kostur er nýttur þarf ekki að sækja um hvatapeningana sérstaklega. Ef viðkomandi tómsund er ekki í Sportabler er farið í umsóknir í íbúagáttinni og valið Umsókn um Hvatapeninga.

Hvatapeningum er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu, fjölbreytileika íþrótt-, lista- og tómsundastarfs og styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglunga.

[Íþrótt- og frístundamál - reglur um Hvatapeninga](#)

Fyrirspurnir eða athugasemdir vegna Hvatapeninga skal senda á

Þorvald Gröndal frístundastjóra á netfangið: [valdi@skagafjordur.is](mailto:valdi@skagafjordur.is) eða í síma: 455 6033.



## Reglur um Hvatapeninga


Öll börn 5-18 ára með skráð lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði eiga rétt á Hvatapeningum. Iðkendur eiga rétt á styrk frá og með því ári sem 5 ára aldri er náð, til og með því ári sem 18 ára aldri er náð. Hvatapeninga er hægt að nýta til að greiða niður æfinga-/þátttökugjöld í skipulögðu íþrótt-, lista- og tómsundastarfi og er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu, fjölbreytileika íþrótt-, lista- og

tómsundastarfs og styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglunga.

Hvatapeningum er úthlutað til barna í formi styrks sem foreldrar/forráðamenn geta ráðstafað til aðila sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir styrkhæfisviðmið sveitarfélagsins.

Hvatapeninga má nýta að fullu eða hluta til niðurgreiðslu æfinga/námskeiðsgjalda og geta foreldrar/forráðamenn ráðstafað þeim hvenær sem er yfir árið og óháð fjölda greina/námskeiða.

Réttur til Hvatapeninga fellur niður í árslok. Ónýtir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára. Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra hvatapeninga þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda til félaga. Styrkur getur aldrei orðið hærri en æfinga-/þátttökugjald viðkomandi frístundatilboðs.



## Hvatagreiðslur til aðildarféлага UMSS og deildir þeirra 2023

Bílaklúbbur Skagafjarðar	0 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	0 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1.515.000 kr
Íþróttafélagið Gróska	0 kr
Siglingaklúbburinn Drangey	0 kr
Unmenna- og íþróttafélagið Smári	1.305.495 kr
Ungmennafélagið Hjalti	0 kr
Ungmennafélagið Neisti	0 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	11.591.183 kr
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	0 kr
Samtals	14.411.678 kr

Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótt-, lista- og tómsundastarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar. Þetta á við um allt skipulagt íþrótt-, lista- og tómsundastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta sem og önnur námskeið skipulögð af Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. Sumar-TÍM. Almenn skal miða við að námskeið nái yfir 10 vikur samfellt. Frístundastjóri sker úr um hvort námskeið teljist styrkhæf, og ber sína tillögu undir samþykki félags- og tómsundanefndar ef vafi leikur á.

Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglinganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni á 17. Og 18. aldursári en þau geta nýtt Hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

Samþykkt á fundi félags- og tómsundanefndar Sauðárkróki 7. nóvember 2019

## Fréttapunkturar ÍSÍ 2023



### Höfuðstöðvar ÍSÍ

Á árinu 2023 störfuðu 16 á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík og einn á Akureyri. Að auki starfa á skrifstofunni í Reykjavík tveir verkefnastjórar Heilsuefingar +60, sameiginlega verkefnis ÍSÍ og Landssambands eldri borgara LEB. Annar þeirra er verkefnastjóri á vegum ÍSÍ og hinn á vegum LEB.

### Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Ráðist var í miklar breytingar á 3. hæð í húsi 3 vegna flutninga þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og voru ráðstefnu- og fundarsalir á hæðinni uppfærðir á sama tíma. Aðstaðan er nútímaleg og öll hin glæsilegasta.

### Íþróttapeningur ÍSÍ

Íþróttapeningur ÍSÍ fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí 2023. Kosið var um helming stjórnar og fulltrúi Íþróttamannafundar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ var staðfestur. Sjö nýir Heiðursfélagar ÍSÍ voru kjörnir á þinginu, fimm einstaklingar voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ og tvö Gullmerki veitt. Á þinginu voru teknar fyrir breytingar á lögum ÍSÍ og einnig voru þar til umfjöllunar fjölmörg mál er varða hagsmuni hreyfingarinnar. Unnið er að þeim málum á milli þinga.

### Samstaða um eflingu íþróttastarfs á landinu

Íþróttapeningur ÍSÍ og Sambandsþing UMFÍ 2023 samþykktu, í samráði við íþróttahéruðin í landinu, að vinna að því að setja á laggirnar starfsstöðvar um landið, til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Verkefnið feli hvorki í sér breytingu á lýðræðislegri skiptingu íþróttahéraða né breytingar á atkvæðaskiptingu á þingum ÍSÍ og UMFÍ. Í nóvember 2023 undirritaði mennta- og barnamálaráðherra viljayfirlýsingu um fjárstuðning við verkefnið, 200 m.kr. árlegu framlagi til ÍSÍ og UMFÍ til næstu tveggja ára, til að byrja með. Framlaginu er ætlað að styðja við þessa uppbyggingu um allt land og meðal annars koma á fót hvatasjóði. Hlutverk hvatasjóðsins er að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Það mun styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísi og þannig jafna tækifæri barna óháð aðstæðum og búsetu sem og að efla þjónustu á viðkomandi svæði. Breytingin nær til tæplega 500 íþrótt- og ungmennafélaga um allt land.

### Ólympísk verkefni 2023

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Friuli Venezia Giulia á Ítalíu í janúar 2023. Hátt í 20 íslenskir keppendur tóku þátt í hátíðinni, ásamt föruneyti. Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Maribor í Slóveníu 23. – 29. júlí 2023. Íslensku keppendurnir voru 35 talsins, í sex íþróttgreinum.

### Smáþjóðaleikarnir 2023

Smáþjóðaleikarnir fóru fram á Möltu 29. maí – 3. júní 2023. ÍSÍ sendi 75 keppendur til leikanna, ásamt þjálfurum og fylgdarliði. Þátttaka í Smáþjóðaleikum er alltaf stórt verkefni fyrir ÍSÍ, bæði í undirbúningi og framkvæmd.

### Evrópuleikarnir 2023

Evrópuleikarnir fóru fram í Póllandi að þessu sinni og tóku átta íslenskir keppendur þátt í leikunum, í fimm íþróttgreinum.

### Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Aftekssjóður ÍSÍ úthlutaði alls rúmlega 535 milljónum króna til afrekssstarfs sérsambanda ÍSÍ vegna ársins 2023. Heildarkostnaður afrekssþróttastarfs hjá þeim sérsamböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2023 námu um 3.057 m.kr. og var stuðningur sjóðsins því að meðaltali rúmlega 17,5% af þeim kostnaði.

### Blásið til sóknar í afrekssþróttastarfi

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands gerðu með sér samstarfssamning, í janúar 2023, um stefnumörkun og uppbyggingu afrekssþróttastarfs á Íslandi. Vésteinn Hafsteinsson var ráðinn Afrekssstjóri ÍSÍ og samhliða því starfi var hann fenginn til að leiða nýjan starfshóp um stöðu og réttindi afrekssþróttafólks. Markmiðið er að umgjörð afrekssþróttastarfs verði eins og best verður á kosið þannig að afrekssþróttafólk okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á alþjóðavísu. Starfshópi ráðuneytisins er ætlað að yfirfara og leggja til breytingar á umgjörð, löggjöf og öðru sem þurfa þykir til að stuðningur við afrekssþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Starf Afrekssstjóra ÍSÍ felur í sér umsjón með Afrekssstefnu ÍSÍ og ráðgjöf varðandi afrekssstefnur sérsambanda ÍSÍ. Afrekssstjóri ÍSÍ vinnur að framgangi Afrekssþróttamiðstöðvar ÍSÍ, undirbúningi íslenskra keppenda fyrir ólympíska viðburði og að markmiðasetningu í íslensku afrekssþróttastarfi til næstu ára. Vésteinn hefur komið inn af krafti og fundað stíft með öllum hagaðlum, um allt land þá mánuði sem hann hefur verið í starfi.

### Ráðstefnan Vinnum gullið

Mennta- og barnamálaráðuneyti, í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga stóðu að ráðstefnunni Vinnum gullið!, í Silfurbergi í Hörpu í nóvember 2023. Um er að ræða stærstu ráðstefnu um íþróttaleg málefni sem haldin hefur verið á Íslandi. Rúmlega 400 manns mættu og tóku virkan þátt auk þess sem fjöldi manns fylgdist með í gegnum streymi.

### Fræðslumál

ÍSÍ stendur árlega fyrir mörgum fræðsluviðburðum um margvísleg málefni er varða íþróttahreyfinguna og íþróttastarfið í landinu. Einnig stendur ÍSÍ fyrir þjálfaramenntun sem er áfangaskipt fræðslukerfi. Námið fer eingöngu fram í fjarnámi og gefur réttindi til íþróttþjálfunar. Kerfið er samræmt fyrir allar íþróttgreinar. ÍSÍ útskrifar að jafnaði 100-150 þjálfara árlega.

### Allir með – farsælt samfélag fyrir alla – Brúum bilið

ÍSÍ, UMFÍ og Íþróttasamband fatlaðra standa að ofangreindu verkefni sem er þriggja ára verkefni með eftirfarandi markmið: - Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.- Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við sínar óskir .- Að allir skuli eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap. Verkefnið er styrkt af þremur ráðuneytum og stendur yfir árin 2023-2025.

### Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSÍ úthlutaði í marsmánuði 2023 styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga vegna þátttöku í fyrirfram skilgreindum styrkhæfum mótum ársins 2022. Til úthlutunar voru 123,9 m. króna.

### Almenningsíþróttaverkefni

Líkt og fyrr á þá stóð ÍSÍ fyrir heilsu- og hvatningarátakinu Lífshlaupinu, Hjólað í vinnuna, Ólympíuhlaupinu, Ólympíudeginum, Göngum í skólann, Íþróttavíku Evrópu og átakanu Syndum.

### Bjartur lífsstíll - þjónusta við sveitarfélög, íþróttafélög og þjálfara varðandi heilsuefingu 60+

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Lands samband eldri borgara standa sameiginlega að sverkefninu Bjartur lífsstíll, með fjárframlagi frá tveimur ráðuneytum. Þjónustan er í formi verkfærakistu og hagnýtra upplýsinga fyrir sveitarfélög, íþróttafélög og þjálfara sem sjá þörfina fyrir að búa til ný hreyfiúrræði fyrir eldra fólk eða efla það góða starf sem nú þegar er í gangi. Stýrihópar hafa verið myndaðir í sveitarfélögum landsins og með þeim hafa verið haldnir reglulegir fundir þar sem farið hefur verið yfir stöðu mála. Markmið verkefnisins er að veita þjálfurum og öðrum sem koma að heilsuefingu eldra fólks faglegan stuðning, stuðla að betri lýðheilsu eldra fólks á landsvísi með því að auka heilsulæsi í gegnum hreyfingu og fræðslu og að varanlegt hreyfiúrræði standi öllu fólki 60 ára og eldri til boða.



  
**ALLIR MEÐ**  
FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ALLA - BRÚUM BILIÐ

  
**BJARTUR LÍFSSTÍLL**



# Verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ



**Lifshlaupið** er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa. Forsaga Lifshlaupsins er að árið 2005 skipaði páverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfshóp til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Starfshópurinn setti fram hugmyndir um mótun íþróttastefnu Íslands í skýrslunni, Íþróttasvæðum Ísland, aukin þátttaka, breyttur lífsstíll.



**Hjólað í vinnuna fer fram dagana 8. - 28. maí 2024** Markmið verkefnisins er að huga að daglegri hreyfingu og vekja í leiðinni athygli á virkum ferðamáta því hjóltreifar eru bæði virkur og umhverfisvænn ferðamáti. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) hvetur landsmenn til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningsamgöngur til og frá vinnu í þessar þrjár vikur og ekki síst taka þátt í þessu skemmtilega verkefni sem Hjólað í vinnuna er. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Stúdentaráð Háskóla



Íslands (HÍ) standa fyrir sameiginlegu hjólaátaki nemenda. Í áttakinu er efnt til keppni milli nemendafélaga HÍ. Fyrirmynd Hjólum í skólann er árlegt átak ÍSÍ, Hjólað í vinnuna, sem er haldið í maí ár hvert og er mörgum starfsmönnum HÍ kunnugt. Nú eru það nemendur HÍ sem ætla að keppa sín á milli og er markmiðið að fá öll til að hvíla bílinn og ferðast með umhverfisvænum og heilsusamlegum samgöngumáta til og frá HÍ. Átakið er ætlað að styrkja jákvætt og heilbriggt félagslíf í Háskóla Íslands.



**Október er Göngum í skólann mánuður.** Verkefninu er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla. Í októbermánuði ár hvert eru börn hvött sérstaklega til að nýta sér virkan samgöngumáta, svo sem göngu, til að ferðast til og frá skóla. Vegna aðstæðna hérlendis var ákveðið af undirbúningshóp verkefnisins að hvetja skóla til að byrja verkefnið í september og ljúka því á alþjóðlega göngum í skólann deginum í byrjun október.



**Verkefnið Ísland á iði** er fræðslu- og hvatningarverkefni á landsvísi sem ætlað er almenningi á öllum aldri. Þar má finna hugmyndir að fjölbreyttri hreyfingu, ýmsan fróðleik, myndir, myndbönd og fleira skemmtilegt. Það er svo margt sem við getum gert sjálf og mikilvægt er að huga að líkama og sál, alla daga. Eins og vitað er sýna rannsóknir ótvírætt fram á mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði. Almenningsíþróttasvið ÍSÍ mun í gegnum þetta verkefni vera mikilvægur hlekkur í heilbrigðismálum þjóðarinnar og hvetur landsmenn á öllum aldri til að huga að sinni daglegu hreyfingu af krafti. Aldri til að huga að sinni daglegu hreyfingu af krafti.



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir **landsátaki í sundi** frá 1. - 30. nóvember 2022. Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Sund er fyrir alla óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sund er tilvalin þjálfunaraðferð þar sem sund styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans. Sund er frábær hreyfing bæði til þess að hlúa að heilsunni og sem skemmtileg tómstundaiðja. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess



**Íþróttavika Evrópu** (European Week of Sport) er haldin 23. – 30. september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið til verkefna sem munu tengjast vikunni. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almenning



## Fréttapunktur

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2023. Tímamót urðu á sambandsþingi UMFÍ í október þegar einróma var samþykkt stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land og breyting á lottóúthlutun. Ráðherra skrifaði undir samning um stofnun svæðaskrifstofanna ásamt fulltrúum íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar undir lok árs.

### Grindavík

Jarðhræringar í Grindavík um miðjan nóvember 2023 urðu til þess að Grindvíkingar urðu að yfirgefa heimili sín í flýti og hafa ekki getað snúið aftur til síns heima. Iðkendur hjá Ungmennafélagi Grindavíkur misstu heimavöll sinn og æfingahúsnæði. Íþróttahreyfingin sneri bókum saman og lögðust allir á eitt til að hjálpa bæjarbúum, útvega iðkendum á öllum aldri íþróttaföt, æfingahúsnæði og allt það sem til þarf til að sinna æfingum og keppnum. Stjórn Ungmennafélags Grindavíkur hefur fengið afnot af þjónustumiðstöð UMFÍ til fundarhalda.

### Skólabúðir á Reykjum

Haustið 2022 tók UMFÍ við rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði. Árlega heimsækja búðirnar um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu. Þar dvelja þau frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Starfsemi búðanna er veigamikil og eru tæplega 10 stöðugildi tengd starfsemi á Reykjum.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hefur staðið fyrir ráðstefnum og fundum í húsnæði Skólabúðanna og leigt aðstöðuna út til annarra félagasamtaka.

### Ungmennabúðir UMFÍ

Í byrjun árs 2023 greindust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni. Starfsemi var stöðvuð í kjölfarið. Síðar sama vör var ákveðið að hætta starfsemi. Þar með var punktur settur aftan við sögu ungmennabúða UMFÍ sem hófst starfsemi árið 2005.

## MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

### Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 23. - 25. júní 2023 í Stykkishólmi. Mótshaldarar voru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og sveitarfélagið Stykkishólmur. Þátttakendur voru 306, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður mótsins af hálfu UMFÍ en Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri HSH, vann ásamt Magnúsi Bæringssyni, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólms, ötullega að undirbúningi þess og framkvæmd.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7. - 9. júní í samstarfi við ungmennafélagið Þrótt Vogum og sveitarfélagið Voga.



### Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinir fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kókuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins annað árið í röð.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024 í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

### Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í annað sinn í Mosfellsbæ 12. ágúst 2023. Þátttakendur voru 800 talsins á öllum aldri og er það tvöfalt fleiri en fyrir ári.



### Forsetahlaup UMFÍ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Patreksfirði í september. Þátttakendur voru um 70 talsins. Þetta var annað skiptið sem hlaupið fór fram en það fyrsta fór fram á Álftanesi.

### Fræðsla og forvarnir

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en börnum sem ekki eru í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Í niðurstöðunum kom líka fram að börn af erlendum uppruna og nemendur sem skilgreina sig kynsegin stunda mun síður íþróttir í skipulögðu starfi en önnur börn.

### Ungt fólk og lýðræði

80 þátttakendur frá öllu landinu tóku þátt á ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan fór fram í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði í september. Umhverfis- og loftslagsmál voru í brennidepli ásamt endurnýtingu, umhverfisþorum fyrirtækja og neytenda. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

## MÍÐLUN OG SAMSKIPTI

### Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarféлага UMFÍ og ÍSí fóru fram vorið 2022. Nú í ár voru gerðar nokkrar breytingar, notendum til góða. Við gerð kerfisins var lagt upp með einfalt notendaviðmót með forskráðum upplýsingum til hagræðingar fyrir notendur. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar.

### Útgáfa og kynningamál

Þrjú tölublöð af Skinfxa komu út árið 2023, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ út reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugir mála á hverju ári.

### Tímamót á sambandsþingi UMFÍ

Á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal í október var einróma samþykkt tímamótatillaga, sem fól í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við UMFÍ, ÍSí og stjórnvöld.





Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, skrifuðu undir samning um starfsstöðvarnar um miðjan desember 2023. Ráðuneytið veitir 400 milljónir króna til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSÍ og UMFÍ 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 milljónir króna í Hvatásjóð. Á hverri skrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.



Á þinginu voru þeir Guðmundur Kr. Jónsson og Haukur Valtýsson gerðir að heiðursfélögum. Hvatningarverðlaun UMFÍ hlutu Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS), Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Einnig voru veitt gullmerki á þinginu. UMFÍ veitti fjölmargar heiðranir og viðurkenningar á árinu. Þær má sjá á [umfi.is](http://umfi.is) undir slóðinni viðurkenningar og verðlaun.

Breyting varð á stjórn UMFÍ en í stað þeirra Gissurar Jónssonar HSK og Lárusar B. Lárussonar UMSK tóku sæti þau Ásgeir Sveinsson frá HHF og Rakel Másdóttir UMSK.

## REKSTUR

### Þjónustumiðstöð UMFÍ flutti í Íþróttamiðstöðina

Í febrúar 2023 opnaði þjónustumiðstöð UMFÍ á þriðju hæð Íþróttamiðstöðvarinnar við Engjaveg. Þar höfðu verið fundarsalir ÍSÍ um árabil. Á meðan flutningum stóð var umfangsmiklu gagna- og heimildasafni UMFÍ komið fyrir í varanlega vörslu á Þjóðskjalasafni. Þetta reyndust um 200 kassar af gögnum í mannhæðarháum stöflum, sem fóru á fimm vörubrettum á safn til frekari flokkunar og geymslu. Mörg önnur söguleg gögn voru flutt í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Flutningur þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina hefur reynst happaskref. Samskipti við forsvarsfólk íþróttahreyfingarinnar hefur aukist mikið og hefur þjónustumiðstöðin nýst fólki í íþróttahreyfingunni til fundarhalda.

### Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum rúmar 297 milljónir króna árið 2023. Þetta er tæpum 19 milljónum krónum meira en árið á undan.

### Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Árið 2023 hlutu 144 verkefni innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar 20,6 milljónir króna í styrki úr sjóðnum.

### Lýðháskólastyrkir

UMFÍ styrkir líka ungmenni sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Fyrir skólaárið 2022-2023 voru 38 umsóknir styrktar um tæpar 3,2 milljónir króna. Þetta er einni milljón króna hærri upphæð en árið áður.

### Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2023 voru styrkir veittir til fimm verkefna upp á rúmar 1,8 milljónir króna.





# Unglingalandsmót UMFÍ 2023 á Sauðárkróki





# Lottóreglugerð UMSS

## I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

## II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

## III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þær deildir/aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

## IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Nóra. Iðkendatölur úr Nóra skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

Lottó 2023			
UMSS	4.038.143 kr		4.038.143 kr
UMSS afreksmannasj.	807.629 kr		807.629 kr
Félagsgjöld		1.939.300 kr	1.939.300 kr
samtals			<b>6.785.072 kr</b>
Bílaklúbbur Skagafjarðar	301.452 kr	49.500 kr	251.952 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	853.037 kr	100.100 kr	752.937 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	2.144.225 kr	272.800 kr	1.871.425 kr
Íþróttafélagið Gróska	26.374 kr	22.000 kr	4.374 kr
Siglingarklúbburinn Drangey	248.228 kr	72.600 kr	175.628 kr
Ungmenna og Íþróttafélagið Smári	1.318.033 kr	256.850 kr	1.061.183 kr
Ungmennafélagið Hjalti	243.228 kr	116.050 kr	127.178 kr
Ungmennafélagið Neisti	304.543 kr	173.250 kr	131.293 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	3.745.554 kr	834.350 kr	2.911.204 kr
Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar	182.405 kr	41.800 kr	140.605 kr
	<b>9.367.079 kr</b>	<b>1.939.300 kr</b>	<b>7.427.779 kr</b>

## V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

## VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Nóra og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

## VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

## VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018




er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er meginmarkmið fyrirtækisins að afla fjár sem rennur til starfsemi íþróttafélaganna um allt land. Á undanförunum árum hefur tekist vel til og hundruðir milljóna runnið til hreyfingarinnar frá Íslenskum getraunum.

Því miður er það svo að samkeppni frá erlendum ólöglegum veðmálasíðum hefur aukist verulega á undanförunum árum. Þessi ólöglega samkeppni gerir það að verkum að minna fé rennur til hreyfingarinnar en ella hefði orðið. Samkeppnin er ekki bara ólögleg, hún er líka skaðleg. Erlendu ólöglegu fyrirtækin bjóða uppá bónusa, þar er engin hámarksupphæð, boðið er uppá neikvæð veðmál eins og gul og rauð spjöld, þau markaðssetja vöru sína grimmt fyrir ungu fólki og bjóða upp á leiki í yngri flokkum. Spilarar eru hvattir til að spila meira með því að bjóða þeim í VIP herbergi og VIP þjónustu o.s.frv.. Ekkert af þessu er í boði hjá Íslenskum getraunum. Það er ákvörðun stjórnar Getrauna sem leggur áherslu á ábyrga spilun. Staðreyndin er líka sú að samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum hér á landi eru bein marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn og spilunnar á erlendum ólöglegum veðmálasíðum. Slíkt tengsl eru ekki til staðar við leiki Íslenskra getrauna.

Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem ekki er nein stjórn á veðmálamarkaði. Því þarf að breyta með hag íþróttahreyfingarinnar að leiðarljósi.

Pétur Hrafn Sigurðsson  
Upplýsingafulltrúi Íslenskra getrauna



WWW.GETRAUNIR.IS



TINDASTÓLL



HJALTI



GOLFKLÚBBUR SKR.



SMÁRI



NEISTI

Styður þú þitt félag!

- 550 KND Tindastóll  
Áheit 1.137.838 kr. (389.684 kr.2022)
- 551 Ungmennafélagið HjalTI  
Áheit 23.881 kr. (4.225 kr. 2022)
- 554 Golfklúbbur Skagafjarðar  
Áheit 74.932 kr. (57.363 kr. 2022)

## Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

## Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélögunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram. Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjárflyun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt. Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580- 2500 eða í netfang [phs@getspa.is](mailto:phs@getspa.is).

Það er gaman að sjá að flest öll félög eru farin að ýta undir sína félagsmenn að merkja við sitt félag.

- 560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári  
Áheit 47.047 kr. (49.880 kr. 2022)
- 566 Ungmennafélagið Neisti  
Áheiti 63.245 kr. (58.825 kr. 2022)



## Íþróttasjóður 2024

Unglingaráð Körfuknattleiksdeildar	Körfuboltaskóli Tindastóls	300.000 kr
Tindastóls		
Sunddæild Tindastóls	Orkuboltar og vellíðan	450.000 kr
Ungmennasamband Skagafjarðar	Fræðslu- og námskeiðadagur UMSS	200.000 kr
		<b>950.000 kr</b>

## Ferðasjóður ÍSÍ

Úthlutað til aðildarfélaganna og deilda vegna ferða 2023	<b>6.878.883</b>
--	------------------

## UMFÍ maí 2023

Badmintondeild Tindastóls	Badminton á Unglingalandsmóti	150.000 kr
Frjálsíþróttadeild Tindastóls	Iðkendur og sjálfboðaliðar á ULM 2023	137.500 kr
Unglingaráð kkd. Tindastóls	Sjálfboðaliðar	250.000 kr
Unglingaráð kkd. Tindastóls	Þjálfaramentun	250.000 kr
UMSS	Kolefnisjöfnun ULM 2023	600.000 kr
UMSS	Kynning á ULM 2023	125.000 kr
		<b>1.512.500 kr</b>

## UMFÍ desember 2023

Knattspyrnudeild Tindastóls	Þekkingaröflun þjálfara	300.000 kr
Unglingaráð kkd. Tindastóls	Fræðsla um andlega heilsu í íþróttum	300.000 kr
UMSS	Kolefnisjöfnun móts með hleðslustöðvum	300.000 kr
		<b>900.000 kr</b>

# UMFÍ



**FERÐASJÓÐUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA**



# Lög Ungmennasambands Skagafjarðar

## I. kafli Um Sambandið

### 1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS lýtur lögum Ungmennasambands Íslands (UMFÍ) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ).

### 2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

### 3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög ÍSÍ.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum félaganna og vera málsvari þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

## II. kafli Um Aðildarfélög

### 4. grein

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög og stefnuskrá UMSS, UMFÍ og ÍSÍ.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSÍ. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

### 5. grein

Úrsögn aðildarfélaga úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfellt gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrestur félags skal staðfestur á ársþingi.

### 6. grein

Aðildarfélögum UMSS er skylt að halda aðalfund árlega og ber að tilkynna þá með tveggja vikna fyrirvara til UMSS. Hvert félag skal gera skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal færð inn í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður.

Starfsskýrslum aðildarfélaga og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en viku fyrir boðað ársþing UMSS.

### 7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6. gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSÍ eða sérsambönd innan ÍSÍ heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSÍ þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSÍ. Félag sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSÍ og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.

Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSÍ og lögum sérsambandanna.

## III. kafli Um Ársþing

### 8. grein

Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með minnst viku fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélögum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en tveim vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukapings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarfélaga. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSÍ.

Ákvæði um boðun aukapings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings. Óheimilt er að breyta lögum og kjósa nýja stjórn (nema til bráðabirgða) á milli ársþinga nema kallað sé til aukapings.

### 9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kys stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

### 10. grein

Dagskrá ársþings skal vera þessi

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
  1. Þingforseti og varaforseti
  2. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar sambandsins og sjóða
6. Kjörbréfanefnd skilar álit
7. Atkvæðagreiðsla um reikninga
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum
11. Skipan í starfsnefndir
  1. Allsherjarnefnd
  2. Fjárhagsnefnd
  3. Íþróttanefnd
  4. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði tekna til umræðu og afgreiðslu
14. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
  1. Kosning formanns
  2. Kosning fjöggra einstaklinga í stjórn
  3. Kosning þriggja einstaklinga í varastjórn
  4. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
  5. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál
17. Þingslit

### 11. grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

### 12. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.



# Lög Ungmennasambands Skagafjarðar

## 13.grein

Formenn aðildarféлага eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.
- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.
- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

## IV. kafli Um Stjórn

### 14.grein

Stjórn UMSS skipa fimm einstaklingar: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír einstaklingar í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSí það ár sem þing ÍSí er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSí.

### 15.grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

### 16.grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

## V. kafli Sérráð

### 17. grein

Innan UMSS geta starfað sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSí.

### 18.grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarféлага eða deilda innan aðildarféлага sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

### 19.grein

Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

## VI. kafli Önnur Ákvæði

### 20.grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukabings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrri þingi.

### 21.grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarféлага UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

### 22.grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

*Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011, 2018, 2022 og 2023*

# Reglugerð um val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði

**1.gr.** Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

**2.gr.** Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefninga í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

- Bítaklúbbur Skagafjarðar 1 tilnefning
- Golfklúbbur Sauðárkróks 1 tilnefning
- Hestamannafélagið Skagfirðingur 1 tilnefning
- Íþróttfélagið Gróska 1 tilnefning
- Siglingaklúbburinn Drangey 1 tilnefning
- Ungmenna- og íþróttfélagið Smári 1 tilnefning
- Ungmennafélagið Hjalti 1 tilnefning
- Ungmannafélagið Neisti 1 tilnefning
- UMFT Badmintondeild 1 tilnefning
- UMFT Bogfimideild 1 tilnefning
- UMFT Frjálsíþróttadeild 1 tilnefning
- UMFT Júðódeild 1 tilnefning
- UMFT Knattspyrnadeild 1 tilnefning
- UMFT Körfuknattleiksdeild 1 tilnefning
- UMFT Skíðadeild 1 tilnefning
- UMFT Sunddeild 1 tilnefning
- Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar 1 tilnefning

Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS. Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

**3.gr.** Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttgrein.

**4.gr.** Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landslíð) í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglinga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

**5.gr.** Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

**6.gr.** Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara. Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningafund með valnefnd, áður en hún kýs. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

**7.gr.** Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

**8.gr.** Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

**9.gr.** Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggja að baki hvers titils.


**10.gr.** Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

**11.gr.** Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

## **12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS**

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefningin skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjarður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt. Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).







# UMSS

## Tilnefningar til Íþróttamanns ársins 2023



*Anna Karen*

*Daníel*

*Ísak Óli*

*Murielle*

*Sigtryggur Arnar*



**Anna Karen  
Hjartardóttir**

Kylfingur  
Golfklúbbur Skagafjarðar

**Daníel  
Gunnarsson**

hestamaður  
Hestamannaf. Skagfirðingur

**Ísak Óli  
Traustason**

frjálsíþróttamaður  
UMF Tindastóll

**Murielle  
Tieran**

knattspyrnumaður  
UMF Tindastóll

**Sigtryggur Arnar  
Björnsson**

körfuknattleiksmaður  
UMF Tindastóll



# Íþróttamaður ársins 2023

Sigtryggur Arnar Björnsson körfuknattleiksmaður  
tilnefndur af Körfuknattleiksdeild UMF Tindastóls

Sigtryggur Arnar er einn af máttarstólpum Íslandsmeistara Tindastóls í körfuknattleik. Kraftur hans, leikgleði og einstakur eiginleiki við að koma stanslaust á óvart hefur skipað honum í fremstu röð íslenskra körfuboltamanna. Arnar leggur hart að sér, æfir mikið og hefur mikinn metnað fyrir hönd bæði sjálfrar sín sem og liðsins. Arnar er liðsfélögum sínum og yngri iðkendum mikil fyrirmynd og hann er sannur liðsmaður bæði innan vallar sem utan.



## Íþróttamenn UMSS frá 1980 - 2023

1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir  
1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund  
1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir  
1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund  
1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir  
1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund  
1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna  
1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir  
1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti  
1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir  
1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna  
1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir  
2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti  
2006 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir  
2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir  
2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna  
2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir  
2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir  
2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir  
2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2014 Baldur Haraldsson, Bílkl. Skagafjarðar, akstursíþróttir  
2015 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti  
2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2018 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2020 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2021 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir  
2022 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti  
2023 Sigtryggur Arnar Björnsson, Tindastóll, körfubolti



## Lið UMSS 2023

### Meistarafll. karla, UMFT Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Lið meistaraflokks karla í körfubolta náði besta árangri skagfirska íþróttaliðs, þegar liðið spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í magnaðri úrslitaseríu þar sem oddaleik þurfti til að knýja fram úrslitin, sem með eftirminnilegum hætti lauk loks með sigri Tindastóls. Liðið hefur á undanföllum árum og misserum einkennst af miklum ólgusjó, bæði mótbyr en líka magnaðri samstöðu og ótrúlega öflugri liðsheild sem náði bæði til liðs, þjálfara, sjálfboðaliða, stuðningsmannasveitar og ekki síst annarra áhorfenda. Óhætt er að segja að liðið hafi sem heild heillað landsmenn og eignast sífellt fleiri og fleiri aðdáendur um land allt.



### Aðrar tilnefningar

#### Kvinnasveit Golfklúbbs Skagafjarðar



#### Meistaraflokkur kvenna, UMFT Tindastóll Knattspyrnudeild





# Þjálfari UMSS 2023

Pavel Ermolinskij

UMF Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Pavel kom sem stormsveipur inn í Skagfirskt körfuboltasamfélag á fyrstu mánuðum ársins 2023. Hann tók við liðinu á miðju tímabili 2022-2023 og stýrði liðinu af styrk og yfirvegum í gegnum bæði meðbyr og mótbyr þar sem loks tókst að ná þeim magnaða árangri að landa eftirsóttum Íslandsmeistaratitlinum. Það dylst fáum sem fylgjast með íslenskum körfubolta að Pavel hefur einstaka og fágæta innsýn þegar kemur að leikskilningi og mikilvægi hugarfars, og honum hefur tekist að nýta reynslu sína og þekkingu til að efla leikmenn og skapa eftirtektarverða liðsheild



## Aðrar tilnefningar



**Annika Líf Maríudóttir Noack**  
UMF Tindastóll júdódeild



**Atli Freyr Rafnsson**  
Golfklúbbur Skagafjarðar



**Halldór Jón Sigurðsson**  
UMF Tindastóll knattspyrnudeild



**Sigurður Arnar Björnsson**  
UMF Tindastóll frjálsíþróttadeild



# Hvatningarverðlaun UMSS 2023

**Alexander Leó Sigurjónsson**

**Axel Arnarsson**

**Álfrún Anja Jónsdóttir**

**Dagbjört Sísí Einarsdóttir**

**Dagmar Helga Helgadóttir**

**Emma Katrín Helgadóttir**

**Freyr Hugi Herbergsson**

**Gígja Rós Bjarnadóttir**

**Halldór Stefánsson**

**Hjördís Halla Þórarinsdóttir**

**Ivan Tsvetomirov Tsonev**

**Ísak Hrafn Jóhannsson**

**Jóhanna María Grétarsd. Noack**

**Klara Sólveig Björgvinsdóttir**

**Rakel Sonja Ámundadóttir**

**Sigríður Hrafnhildur Stefánsdóttir**

**Tómas Bjarki Guðmundsson**

**Una Karen Guðmundsdóttir**

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Ungmennafélagið Tindastóll Frjálsíþróttadeild

Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmennafélagið Neisti

Ungmennafélagið Tindastóll Badmintondeild

Ungmennafélagið Tindastóll Júðódeild

Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári & Ungmennafélagið Tindastóll Frjálsíþróttadeild

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild

Ungmennafélagið Tindastóll Skíðadeild

Ungmennafélagið Tindastóll Júðódeild

Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild

Golfklúbbur Skagafjarðar

Golfklúbbur Skagafjarðar



# Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla 2023

Í stjórn frjálsíþróttaráðs sitja þau; Kolbrún Þórðardóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Thelma Knútsdóttir og Þórunn Eyjólfsdóttir.

Stærsta mót ráðsins í ár var Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. Um 500 krakkar kepptu í frjálsum íþróttum í breyttu fyrirkomulagi og voru um 100 sjálfboðaliðaðar reiðubúnir til að aðstoða föstu- og laugardaginn í blíðskaparveðri.

Unnið er að breytingum á frjálsíþróttaráði og verður sú breyting tilbúin fyrir næsta ársþing. Rekstur frjálsíþróttaráðs er dýr, en kostnaður við þátttökugjöld á mót vegur þar hæðst. Mesti kostnaður við eitt mót á síðsta ári var yfir 200 þúsund kr. Frjálsíþróttaráð greiðir ekki lengur þátt í þátttökugjöldum á mót nema þau séu á vegum FRÍ eins og staðan er núna, en því var breytt í haust þegar deildirnar tóku á sig þann kostnað.

En þá að afrekum iðkenda og þátttöku á mótum, á árinu 2023. Hér verður aðeins stiklað á stóru í upptalningu á afrekum iðkenda UMSS sem æfa innan raða aðildarfélaganna sem og ekki er talin upp öll þau persónulegu met sem hver og einn setti á árinu. Persónuleg met og bætingar eru þó það sem stendur upp úr hjá hverjum og einum, það sem allir stefna að, að bæta eigin árangur. Stundum gengur vel en stundum næst ekki sá árangur sem stefnt var að, en þá gengur bara betur næst.

Árið hóst á Mí Öldunga innanhúss sem haldið var daganna 14.-15. janúar. Karl Lúðvíksson varð Íslandsmeistari í 60 m, 60 m grind, hástökki, langstökk, þrístökk og stangarstökk í aldursflokki 70-74 ára. Theódór Karlsson varð Íslandsmeistari í stangarstökki 45-49 ára. Vignir Gunnarsson varð Íslandsmeistari í 60 m, 200m og 400 m, langstökki, hástökki og kúluvarpi. Vignir lenti svo í 2 sæti í 800 m hlaupi, hann keppir í flokki 30-34 ára. Þorkell Stefánsson varð Íslandsmeistari í 60 m, 400m og 800 m hlaupi 35-39 ára. Mí í fjölþraut fór fram sömu helgi, þar kepptu þeir Halldór Stefánsson í hópi 15 ára og yngri og Ísak Óli Traustason í flokki fullorðna. Halldór lenti í 3 sæti og setti persónuleg met í öllum greinum. Ísak Óli vann 4 greinar af 3 og varð Íslandsmeistari í fjölþraut innanhús 2023.

Stórmót ÍR fór fram 21.-22. janúar, UMSS sendi 29 keppendur á mótið. 7 gull komust í Skagfirskar hendur, Guðni Bent Helgason vann 60 m, 600 m, hástökk, langstökk og þ.a.l. fimmtarþraut 11 ára. Ísak Hrafn Jóhannsson vann 600 m, lenti í 3. sæti í 60 m og varð þriðji í Ársskýrsla U.M.F Tindastóls 2023 70 fimmtarþraut 12 ára. Aron Gabríel Samúelsson lenti í 2. sæti í 60 m, 600 m og langstökki auk þess að vera annar í fimmtarþraut 12 ára. Hafþór Ingi Brynjólfsson lenti í 3. sæti í 200 m og þrístökki 13 ára Friðrik Logi Hauksteinn Knúttsson varð 3 í 600 m 13 ára. 33 persónuleg met voru sett af

keppendum UMSS á mótinu auk þess að Guðni Bent setti mótsmet í 600 m á tímanum 1:53;34 og hástökki þegar hann stökk 1,42 m.

Meistaramót 15-22 ára fór fram í Hafnarfirði daganna 28.-29. janúar. Tveir keppendur fóru frá UMSS sem æfa í Varmahlíð; Bríet Bergdís og Hallgerður bættu sig báðar í tveim greinum. Reykjavík International Games voru haldnir þann 5. febrúar, áttu við 2 keppendur þar, Ísak Óla og Sveinbjörn Óla. Mí 11-14 ára var haldið 11.-12. febrúar í Laugardalshöll, 19 keppendur og 4 boðhlaupssveitir. Guðni Bent varð Íslandsmeistari 11 ára í hástökki (mótsmet), langstökki og kúluvarpi, varð í 2. sæti í 60 m og 400 m. Ísak Hrafn varð 2. í 400 m 12 ára og Friðrik Logi Ársskýrsla U.M.F Tindastóls 2023 71 annar í 60 m grind 13 ára. 12 ára piltar urðu í 2 sæti í 4x200 boðhlaupi. Aron Gabríel varð annar í 60 m og 400 m 12 ára. 12 ára piltar unnu að auki stigakeppni þeirra aldursflokks.

18. febrúar varð komið að Mí innanhús 3 keppendur komu frá Tindastól, Ísak Óli varð Íslandsmeistari í 60 m grind og varð annar í stangarstökki. Akureyrarmót UFA og Kjarnafæði Norðlenska var haldið 11. mars í Boganum. 53 keppendur fóru á mótið frá Skagafirði. 13 gull, 15 silfur og 20 brons. 72 persónulegar bætingar.

Fyrsta utanhúss mótið var haldið á Selfossi þann 17. maí þar áttum við 4 keppendur, Andrea Maya Chirikadzi, Ísak Óla, Magnús Elí Jónsson og Stefaníu Hermannsdóttir. Stefanía lenti í 2. sæti í spjótkesti kvenna og Ísak Óli í 3 sæti í 100 m karla. Smáþjóðaleikar voru næst á dagskrá 30 maí þar keppti Ísak Óli í 110 m grindarhlaupi þar sem hann varð þriðji. Mí 15-22 ára var haldið 9.-11.júní í Kópavogi, 2 keppendur frá Tindastól, Stefanía varð Íslandsmeistari í spjótkesti 20-22 ára og Magnús var í þriðja sæti í spjótkesti 18-19 ára. Við hældum okkar fyrsta sumarmót þann 11. júní Kastmót UMSS - 28 keppendur. Keppt var í kúlu, kringlu, sleggju og spjóti. Frábært mót og mörg PB sett og eitt héraðsmet í sleggju 20-22 ára kvenna. Við áttum einn keppenda á Vormóti ÍR 14. júní, Andrea keppti þar í sleggjukasti 20-22 ára og bætti héraðsmetið aftur. Sumarmót UMSS var haldið 18 júní þar sem við buðum upp á hlaup. 2 Sumarmót UMSS var haldið 19 júlí, blandaðar greinar og keppendur héldu áfram að bæta sig.

Svo var komið að Mí 11-14 ára daganna 23.-25.júní á Selfossi. Þangað fóru, 8 keppendur og 1 boðhlaupssveit, 30 persónuleg met voru sett. Guðni Bent varð Íslandsmeistari í hástökki og kúluvarpi 11 ára piltar, auk þess að verða 2. í 60m og þriðji í 400 m.. Lilja Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í spjótkesti 11 ára stúlkna. Ísak varð annar í 400 m og Aron Gabríel annar í langstökki 12 ára. Friðrik Logi varð annar í spjótkesti og þriðji í 80 m grind 13 ára. Halldór Stefánsson varð þriðji í 2000 m hlaupi 14 ára. Boðhlaupssveit 13 ára stráka urðu Íslandsmeistarar í 4x100 m boðhlaupi.

23 keppendur ásamt þjálfurum og fríðu föruneysi mættu svo á Heimsleika unglunga í Gautaborg Svíþjóð. Þar kepptu þau helgina 30 júní - 2 júlí. Gunnar Freyr Þórarinsson keppti í elsta hóp keppenda og vann hann til 2 verðlauna í sleggju og spjótkesti. Nokkrum dögum eftir að við komum heim fóru 7 keppendur á Sumarleika HSP á Laugum. Stefanía lenti í 1. sæti í kringlu og spjótkesti kvenna, Fjöltnir Þeyr Marinósson (Smári) lenti í 1. sæti í kúluvarpi 12-13 ára, og Svandís Katla Marinósdóttir (Smári) lenti í 3 sæti í 100 m og langstökki 14-15 ára. Mí var haldið þann 28.-30 júlí þar átti UMSS 4 keppendur, Ísak Óli varð Íslandsmeistari í 110 m grind og þriðji í langstökki, Gunnar Freyr varð þriðji í spjótkesti og Stefanía varð þriðja í spjótkesti kvenna.

Þá var komið að stærsta móti ársins og á okkar heimavelli, 24. Unglingalandsmót haldið 4.-5 ágúst. 54 keppendur frá Skagafirði sumir að taka þátt í sínu fyrsta frjálsíþróttamóti. Unglingalandsmóts titlar urðu eftir í héraði. Unglingalandsmótstitlar, Guðni Bent hástökk og kúluvarp (11), Ísak Hrafn 600 m (12), Sigmar Þorri Jóhannsson spjótkest (12), Fjöltnir Þeyr kringlukast og spjótkest (13), Hafþór Ingi hástökk (13), Atli Fannar kúluvarpi (13) og Atli Steinn Stefánsson kúluvarp (18). 16 silfur, Guðni 60 m (11); Aron Gabríel langstökk (12), Ísak Hrafn spjótkest (12); Emilía Rós Ólafardóttir 60 m og hástökk (12); Fjöltnir Þeyr kúluvarp (13); Friðrik Logi 100 m, 80 m grind og hástökk (13); Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir kringlukast og spjótkest (13); Bríet Bergdís Stefánsdóttir 80 m grind (15); Hallgerður kúluvarp (15); Katelyn Eva John 100 m (15); Svandís Katla Marinósdóttir spjótkest (15); Atli Steinn spjótkest (18), 9 brons, Guðni 600 m og langstökk (11); Friðrik Logi spjótkest (13); Hafþór 100 m (13); Vignir Freyr Þorbergsson hástökk (15) og Unnur María Gunnarsdóttir 100 m, kúluvarp og spjótkest (18). Boðhlaupssveitin Geitungarnir (12) þann 12. ágúst fóru 10 krakkar á Bikarkeppni 15 ára og yngri í fyrsta skipti í langan tíma áttum við lið og það bæði í piltar og stúlknaflokk. Efemía Ösp Rúnarsdóttir varð önnur í kringlukasti og boðhlaupsveit piltar í 1000 metrum lentu í 3 sæti. Eldri hópurinn keppti saman með Fjölni, Sveinbjörn Óli lenti í 3. sæti í 100 m, Ísak Óli lenti í 1. sæti í 110 m grind á PB, 1000 m Boðhlaupssveitin með þá Sveinbjörn, Ísak Óla og Jóhann Björn Sigurbjörnsson lentu í 2 sæti. Ísak Óli varð í 2. sæti í langstökki, Stefanía varð 3 í spjótkesti. Lenti liðið í 3 sæti í heildinni með stórveldin FH og ÍR fyrir framan sig.

UFA hélt sitt árlega ágústmót og fóru 19 keppendur þangað. 12 gull, 7 silfur og 10 brons komu í hlut þeirra, auk 44 persónulegra meta.



# Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla 2023, frh.

## Íslandsmeistaratitlar 2023 (í stafrófsröð)

Guðni Bent Helgason (11)

1. Fjölþraut MÍ 11-14 ára innanhúss (hástökk\*, langstökk og kúluvarp)
2. Fjölþraut MÍ 11-14 ára utanhúss (hástökk\*\* og kúluvarp)

\*/\*\* Mótsmet

Ísak Óli Traustason

1. 60 m grind - innanhúss
2. 110 m grind - utanhúss
3. Sjöþraut - innanhúss
4. Tugþraut - utanhúss

Karl Lúðvíksson (70-74 ára)

1. 60m
2. 60m grind
3. Hástökk
4. Langstökk
5. Þristökk
6. Stangarstökk

Lilja Sigurðardóttir (11)

1. Spjótkast MÍ 11-14 ára

Stefanía Hermansdóttir (20-22)

1. Spjótkast MÍ 15-22 ára

Theodór Karlsson (45-49 ára)

1. Stangarstökk

Vignir Gunnarsson (30-34 ára)

1. 60 m
2. 200m
3. 400m
4. Langstökki
5. hástökki
6. Kúluvarpi

Þorkell Stefánsson

1. 60 m MÍ öldunga innanhúss
2. 400 m MÍ öldunga innanhúss
3. 800 m MÍ öldunga innanhúss

**Samtals 24 Íslandsmeistaratitlar**

## Héraðsmet sett á árinu 2023 (með fyrirvara)

Andrea Maya Chirikadzi (20)

Sleggjukasti 20-22 ára 35,11 m (var 32,88 m frá 2001)

Guðni Bent Helgason (11)

Hástökk 12 ára utanhúss 1,48m (var 1,40 frá 1993)

Hástökk 12 ára innanhúss 1,47 (var 1,45 frá 2002)









## Bíla klúbbur Skagafjarðar



Segja má að starfsemi Bíla klúbbs Skagafjarðar sé í nokkuð föstum skorðum frá ári til árs. Meginverkefni félagsins hefur verið að standa fyrir einni af fimm keppnum sem haldnar eru í Íslandsmeistaramótinu í rallyakstri ár hvert og var 2023 engin undantekning á því.

Í júlí 2023 komu formaður Akstursíþróttasambands Íslands og annar stjórnarmaður í Skagafjörð og héldu námskeið fyrir félagsmenn um dómgæslu og keppnisstjórn. Um tuttugu félagar sóttu námskeiðið sem heppnaðist vel. Naut Bíla klúbburinn góðvildar Björgunarsveitarinnar varðandi aðstöðu fyrir námskeiðið og kann félögum þar bestu þakkir fyrir.

Líkt og fyrri ár náðist stuðningssamningur við Kjarnavörur vegna keppnishaldsins og var því rallykeppnin haldin undir nafninu Ljómarally í Skagafirði svo sem verið hefur. Ljómarally var haldið 29. júlí í góðu veðri og aðstæðum.

Nokkur uppsveifla er í rally um þessar mundir, íslenskar áhafnir hafa í vaxandi mæli keppt á erlendri grundu og áhugi hér heima í héraði virðist fara vaxandi. Sumarið 2023 glímdi félagið við þann óvenjulega lúxusvanda að starfsmenn við keppnishaldið voru eiginlega fleiri en þurfti. Engu að síður er sú staða mjög ánægjuleg og var tekin sú ákvörðun að gera sem best við starfsfólk og koma öllum fyrir í viðeigandi verkefnum. Það mun vonandi skila félaginu öflugra til framtíðar lítið. Eins og fram kemur í reikningum félagsins varð tap á rekstri þetta árið. Helgast það einkum af þeirri ákvörðun sem tekin var um að gera vel við starfsfólk og keppendur í tengslum við Ljómarally, sem og þeirri staðreynd að síðasta sumar voru, þrátt fyrir aukinn áhuga í sportinu, færri áhafnir en verið hafa undanfarin ár.

Formaður félagsins hefur setið í keppnisráði AKÍS í rally síðastliðið ár. Þar fer fram endurskoðun á keppnisreglum og umfjöllun um sértæk atriði sem varða keppnisgreinina og keppnishaldið. Þá sinnti formaður einnig dómgæslu í rallykeppni hjá BÍKR sem haldin var í júní og Hill rally sem fram fór í ágúst. Formaður hefur sótt fundi sameiginlega fundi akstursíþróttafélaga á vettvangi AKÍS en þeir eru jafnan haldnir að vori og hausti, tveir talsins. Keppnisalmanak AKÍS gerir ráð fyrir því að haldin verði rallykeppni sumarið 2024 í Skagafirði og hefur Bíla klúbburinn þegar hafið undirbúning vegna þess.

Að lokum vill Bíla klúbbur Skagafjarðar þakka öllum þeim sem lagt hafa starfinu lið á síðasta ári með fjárframlögum, aðstöðu og vinnuframlagi. Án félaga er ekkert félag. Bestu þakkir og megi starfið og félagsmenn dafna um ókomin ár.

*f.h. stjórnar Bíla klúbbs Skagafjarðar, Baldur Haraldsson formaður*

## Golfklúbbur Skagafjarðar



Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2023 skipuðu: Róbert Óttarsson formaður, Helga Jónína Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Aldís Hilmarsdóttir formaður mótanefndar, Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður barna- og unglinganefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar og Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason Golfárið 2023 var mjög gott hjá klúbbnum okkar. Félagatölur eru nokkuð svipaðar fyrir árið í ár og hafa verið undanfarin ár, fjölgun er hægt en nokkuð örugg en í dag eru félagar klúbbsins 272 talsins.

Nýtingin á vellinum hefur verið mjög góð í ár og mikill fjöldi gesta sem heimsótt hafa klúbbinn. Mikil ánægja var með völlinn þetta sumarið og golfsvæðið í heild sinni. Bókaðir hringir voru 9949 talsins á tímabilinu maí – september. 5589 af þessum hringjum voru leikhringir en 4360 voru mótshringir. Veðrið var okkur nokkuð gott í sumar sem er hjálplegt hvað ásókn varðar. Við opnuðum völlinn mjög snemma í ár eða í lok apríl og hafa kylfingar verið duglegir að nýta sér völlinn langt inn í haustið, enda eins og áður segir er völlurinn frábær. Rekstur klúbbsins er nokkuð góður eins og sjá má á rekstrartölunum.

Þróun golfklúbbsins hefur verið góð síðust ár með fjölgun félaga og auknum áhuga og metnaði fyrir íþróttinni. Barna og unglingastarf í GSS er til fyrirmyndar og sennilega ekki margir klúbbar af sömu stærðargráðu sem geta státað af jafn öflugum og vel sóttu barnastarfi, sem stýrt ef af áhugasömum og metnaðarfullum þjálfara eins og tilfellið er í okkar klúbbi. Metnaðarfullt starf hefur skilað sér í auknum áhuga og árangri barna og unglinga.

Atli Freyr Rafnsson, verðandi PGA þjálfari, sinnti barna – og unglingastarfi í sumar. Íslandsmót golfklúbba 17-21 árs var haldið á Selfossi 20-23. Júní, en GSS sendi eina sveit sem var skipuð þeim Önnu Karen Hjartardóttur, Brynjari Má Guðmundssyni, Hildi Hebu Einarsdóttur, Tómasi Bjarka Guðmundssyni og Unu Karen Guðmundsdóttur. Liðsstjóri var Atli Freyr Rafnsson. GSS sendi í fyrsta skipti sveit á Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri, en í ár var mótið haldið hjá þremur golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu GKG, GK og GR og fór fram dagana 25.-27. ágúst. Sveit GSS skipuðu þeir Brynjar Morgan Brynjarsson, Gunnar Atli Þórðarson, Grétar Freyr Pétursson, Karl Goðdal Þórleifsson, Ólafur Bjarni Þórðarson og Sigurbjörn Darri Pétursson. Atli Freyr var liðsstjóri. Strákarnir spiluðu í 2. deild og gerðu sér lítið fyrir og unnu deildina.

*f.h. stjórnar Golfklúbbs Skagafjarðar, Róbert Óttarsson formaður*



## Hestamannafélagið Skagfirðingur



Hestamannafélagið Skagfirðingur stóð fyrir öflugum og góðu félagsstarfi á árinu 2023.

Veturinn fór vel af stað hvað varðar mótahald þar sem Skagfirska mótariðin var vel sótt og góð þátttaka í öllum flokkum, það má því segja að liðakeppnin sé að takast vel til. Kvennatölt Líflands var á sínum stað um páskana og margir félagsmenn kepptu í Meistaradeild KS. Reiðhallarsýningin "Tekið til kostanna" var haldin í Svaðastaðahöllinni samhliða skeiðmóti Meistaradeildar KS, átján konur æfðu stíft í töltgrúppunni yfir veturinn sem endaði á sýningaratriði á Tekið til kostanna. Hið árlega UMSS mót sem var haldið í maí að Hólum í Hjaltadal, Félagsmót, firmakeppni sem og skeiðleikar og voru þau öll afar vel sótt af félagsmönnum. Reiðhallarsýning var haldin samhliða Laufskálarétt þar sem mæting var mjög góð og fólk skemmti sér vel.

Fræðslunefnd Skagfirðings hefur verið virk og í voru haldin námskeið með Aðalheiði Önnu og Julie Christiansen. Nú eru á dagskrá námskeið með Julie Christiansen, Atla Guðmundssyni, Bjarna Jónassyni og skeiðnámskeið.

Ferðanefndin var með tvær ferðir á sínum vegum. Farin var ferð um Kaldakinn og Aðaldal í Þingeyjarsveit í júlí, ferðin var mjög vel sótt. Síðan var farið í Fjall í Kolbeinsdal í ágúst, sú ferð var ágætlega sótt.

Æskulýðsdeild Skagfirðings er gríðarlega öflug og má þar þakka kröftugum félagsmönnum og nefndar fólki sem að því standa. Mörg námskeið eru í boði hjá félaginu en vikustarf er kennt tvisvar í viku fyrir krakka 10 ára og eldri, helgarstarf er kennt á laugardögum ætlað fyrir krakka yngri en 10 ára og keppnisþjálfun er einu sinni í viku sem skiptist í einkatíma og bóklaga tíma. Nú var einnig í boði að skrá sig í hálf vikustarf og hálf helgarstarf eða hálf vikustarf á móti keppnisþjálfun. Reiðnámskeið eru einnig í boði á Varmalæk þar sem Skagfirðingur er í samstarfi við Jóhönnu Heiðu reiðkennara á Varmalæk. Um haustið hófst verkefni þar sem við bjóðum upp á að leigja hest fyrir reiðkennslu og var það ágætlega sótt í fyrsta kast. Þetta er verkefni sem er í þróun hjá okkur og verður auðvelt að stækka og byggja ofan á.

Nokkur uppbygging var á keppnissvæði félagsins á Sauðárkróki og var félagshúsið okkar, Tjarnarbær gert upp að innan. Skipt var um gólfefni, húsið málið að innan, eldhúsið endurnýjað og pallurinn fyrir utan rifinn og nýr steypur í staðinn auk þess var geymslunni breytt í salerni með hjólastólaaðgengi og hurðin inn í salinn breikkuð þannig að nú er húsið með hjólastólaaðgengi að innan. Á planinu fyrir næsta sumar er síðan að skipta um útidyrhurð, að breikka hana og smíða pall með hjólastólarampi og síðan að mála húsið að utan. Hestamannafélagið Skagfirðingur átti tvo af þremur tilnefndum reiðkennurum ársins hjá LH en það voru þeir Finnbogi Bjarnason og Þorsteinn Björnsson og var Þorsteinn Björnsson reiðkennari ársins 2023. Einnig var Heiðrún Ósk Jakobínudóttir tilnefnd til sjálfboðaliða ársins hjá LH og Daníel Gunnarsson skeiðknapi ársins 2023 hjá Landssambandi hestamanna.

Hestamannafélagið Skagfirðingur er afar öflugt félag þar sem félagsmenn eru ósérhlífin við að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu félagsins sem og hjálpa til við viðburði og viljum við hér með þakka þessu duglega fólki kærlega fyrir alla hjálpinu á árinu sem og liðnum árum.

*f.h stjórnar Hestamannafélagsins Skagfirðings, Elvar Einarsson, formaður*

## Íþróttafélagið Gróska



Engin skýrsla barst frá Íþróttafélaginu Grósku fyrir starfsárið 2023







## Siglingaklúbburinn Drangey



### Starfsemi ársins 2023

Siglingaklúbburinn Drangey samanstendur af tveimur deildum, annars vegar siglingadeild og hins vegar hjóltreideild.

Fyrir siglingadeildina þá hefur verið unnið að lausnum varðandi framtíðar húsæði þar sem hægt er að geyma og gera við búnað klúbbsins. Engin slík aðstaða er til staðar í dag þar sem núverandi húsæði er ónýtt og á meðan grotnar búnaður klúbbsins niður.

Hjóltreideildin tók að sér að sjá um hjóltreideakeppni á unglíngalandsmóti og tókst sú keppni með ágætum.

Á árinu 2024 mun deildin sjá um Íslandsmeistaramót í götuhjóltreidum og time trial í samstarfi við Akureyrardætur.

*f.h. stjórnar Siglingaklúbbsins Drangey, Kári Heiðar Árnason formaður*

## Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári



Eins og seinustu ár var boðið upp á fimleikaæfingar fyrir 1.-4. og 5.-10. bekk og er mjög góð þátttaka í báðum hópum. Við erum afar ánægð með að geta boðið börnunum okkar upp á fimleikaæfingar hér í Varmahlíð, það er bæði góður og gagnlegur grunnur í íþróttum almennt. Boðið var upp á körfuboltaæfingar á skólaárinu og nýtum við okkur aðstöðu íþróttahússins. Þjálfarar í vetur voru fengnir í samstarfi við Tindastól. Iðkendur Smára í körfubolta hafa verið að fara á mót og spila leiki með Tindastóli. Gott samstarf er á milli deilda og fengum við heimsókn frá leikmönnum meistaraflokks Tindastóls í vetur sem vakti mikla lukku. Smárinn hefur verið með körfuboltaæfingar fyrir konur í tvö ár, nokkrir æfingaleikir hafa verið spilaðir í vetur. Góð þátttaka er á fótboltaæfingum allt árið. Þrjú lið tóku þátt á Smábæjarleikum, tvö lið á Króksmóti og Sameiginlegt lið Smára og Neista tók þátt í Húsavíkurmótinu í ágúst. Við buðum Neista krökkum til okkar á fótboltaæfingu 17. ágúst og voru grillaðar pylsur að æfingu lokinni. Einhverjir iðkendur hafa fengið að keppa með liði Tindastóls, ef ekki náðist í lið hjá okkur. Þökkum við barna- og unglíngadeild Tindastóls fyrir að gefa iðkendum okkar þann möguleika. Áhugi á frjálsum íþróttum er stöðugt að aukast og var bætt við æfingum 2x í viku í sumar fyrir yngri aldurshóp. Eftir velgengni sumarsins var ákveðið að halda æfingum fyrir yngri hóp líka áfram 1x í viku á skólaárinu. Keppendur frá Smára keppa undir merkjum UMSS og fóru iðkendur okkar á nokkur mót á árinu. Bundnar eru vonir við að frjálsíþróttaaðstaða á vellinum í Varmahlíð verði bætt næstu árin með hliðsjón af heildarmynd svæðisins. Stökkmót Smára var haldið í Íþróttahúsinu í Varmahlíð í apríl undir stjórn Karls Lúðvíkssonar.

Bandíæfingar hafa verið 1x í viku í vetur og hafa verið vel sóttar af iðkendum 12-16 ára og mikill áhugi, miðað við þátttöku væri áhugi á aukæfingum. Leikjanámskeið: Eins og síðustu ár var boðið upp á leikjanámskeið í júní fyrir börn 6-12 ára og voru á milli 40 og 50 börn skráð, sem var alveg frábær þátttaka. Yfir 90% nemenda Varmahlíðarskóla sækja æfingar á vegum Smára. Auk barna- og unglíngastarfs hefur góð mæting verið á æfingar sem í boði eru fyrir 16 ára og eldri - körfubolta, fótbolta, stöðvapjálfun og smárafít. Margir af okkar iðkendum tóku þátt í unglíngalandsmóti sem haldið var á Sauðárkróki í ágúst. Við viljum þakka sjálfboðaliðum sem tóku þátt í hinum ýmsu störfum tengdu mótinu kærlega fyrir stuðninginn! Í lok sumars 2021 byrjuðu framkvæmdir á íþróttavellinum í Varmahlíð á vegum Sveitarfélags Skagafjarðar. Farið var aðallega í að dreina vestari hluta vallarins. Þá stendur til að laga til aðstöðu fyrir kastgreinar. Haustið 2022 var komið upp nýju aðstöðuhúsi við fyrri byggingu með salernisaðstöðu og á milli húsana er skýli með bekkjum, vöskum og snögum. Ljóst er að mikil uppbygging er hér á svæðinu og er húsið gjörbreyting fyrir okkar starf og gott start í uppbyggingu okkar á svæðinu. Þau Raket Sonja Ámundadóttir og Halldór Stefánsson voru tilnefnd til hvatningarverðlauna UMSS 2023 Stjórn Ungmenna- og íþróttafélagsins Smára.

*f.h. Stjórn Ungmenna- og Íþróttafélagsins Smára Anna Lilja Guðmundsdóttir*







## Ungmennafélagið Hjalti



Páskaeggjábíngó var haldið á vegum Ungmennafélags Hjalta í húsnæði Grunnskólans á Hólum þann 13. mars 2023. Þátttaka var fín, um fimmtíu manns mættu og áttu góða stund saman, boðið var upp á ókeypis hressingu, kaffi, kökur, djús og kex.

Ungmennafélagið hvatti íbúa Hólastaðs til að taka þátt á umhverfisdegi „FISK Seafood“ 6. maí 2023. Hópur fólks kom saman til að taka þátt í hreinsunastarfinu, vopnað ruslapokum. Fastur liður í skipulagi UMF Hjalta er leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára sem haldið er í júní á hverju ári. Lögð er áhersla á útivist og hreyfingu, gönguferðir, ýmis konar íþróttæfingar, uppsetning á smíðavelli, tálgun, skipulagða leiki, hjóltreiddar og fleira. Á námskeiðið mættu til leikja og starfa tuttugu og sex glaðir krakkar. Í júní og júlí mættu kátir krakkar á æfingar í frjálsum æfingum við grasvöllinn við Grunnskólann á Hólum. Sveinbjörn Óli Svavarsson þjálfaði krakkana, sem skipt var í tvo aldurshópa, einu sinni á viku og eigum við von á að þetta frábæra samstarf verður til framtíðar.

Árlegur viðburður í starfi UMF Hjalta er að skipuleggja Þjóðhátíðardaginn 17. júní og halda utan um dagskrá dagsins. Helstu viðburður er Byrðuhlaup, ræst er við skilti Skógræktarfélagssins við tjaldsvæðið, síðan er hlaupið eftir göngustígnum upp í Gvendarskál, þar er tekið á mótí keppendum með hressingu, kexi og djús. Reynt hefur verið að hafa sundlauginu á Hólum opna fyrir keppendur þegar þeir koma niður. Eftir hádegi á Þjóðhátíðardaginn er svo farið í skruðgöngu. Við grunnskóla er sett upp grill og pylsur grillaðar fyrir alla. Síðan er verðlaunaafhending fyrir Byrðuhlaup, einfaldir hópleikir spilaðir.

Krækjur blakfélag tóku þó þátt í Íslandsmóti BLÍ og spiluðu í 2. deild tímabilið 2022-2023 eins og síðastliðin ár. Íslandsmótið í 2. deild er spilað á þremur helgum, ein umferð á milli 12 liða + efri og neðri úrslit. Fyrstu sex leikirnir voru spilaðir 12.-13. nóvember 2022 í Laugardalshöll og síðustu fimm leikirnir 13.-14. febrúar 2023 í Árbænum. Eftir umferðina var liðið í 2. sæti með 8 sigurleiki eða 24 stig. Efstu sex liðin spiluðu sín á milli til úrslita í 2. deild á Húsavík 17. – 19. mars 2023 og þar endaði liðið í 3. sæti.

Krækjur létu sig ekki vanta á Öldungamót BLÍ sem haldið var á Akureyri og Húsavík 28.- 30. apríl 2023 en mótið er einskona árshátíð blakara 30 ára og eldri. Krækjur A spiluðu í 2. deild og enduðu í 4. sæti og Krækjur B spiluðu í 7. deild A og enduðu í 5. sæti. Krækjur spiluðu ekki bara blak á árinu 2023 heldur tóku þær þátt í stórglæsilegri umgjörð Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki um Verzlunarmannahelgina. Krækjur tóku að sér mótsstjórn í grasblakskeppninni en skráningin þar gekk vonum frammar og voru um 300 leikir spilaðir í heildina og um 30 sjálfboðaliðar sem komu að framkvæmd þeirra.

*f.h. stjórnar Ungmennafélagsins Hjalta, Christine Hellwig formaður*

## Ungmennafélagið Neisti



Eins og undanfarin ár var uppstaðan í starfinu íþróttir yngri flokka ásamt starfi sem því tengist, stjórnun, fjáröflunum og skipulagningu.

Knattspyrna yngri flokka var stunduð af ákafa með æfingum og mótahaldi öllum til mikillar ánægju og gleði. Ólafur Karlsson sá að mestu um æfingar og honum til halds og trausts, með æfingar og umsjón á mótum, voru Inga Dögg Jónsdóttir og Kolbrún Ynja Stefánsdóttir. Dugnaður og elja krakkanna er til mikillar fyrirmyndar og langflestar æfingar utandyra enda veðrið nokkuð hagfellt á árinu. Í hópnum eru margir verulega efnilegir knattspyrnukrakkar sem vonandi halda áfram að sinna æfingum af krafti.

Farið var á nokkur mót og keppnir á árinu 2023. Þar á meðal æfingarferð til Varmahlíðar en þar var æft og keppt við Smára. Samstarfið við Smára er virkilega skemmtilegt enda fjörið aðalmálið í samskiptum þessara vinafélaga. Í upphafi sumars (16.-18. júní) var farið á Smábæjarleikana á Blönduósi. Næsta mót var stórmót N1 á Akureyri 29. júní-2. júlí. Neisti var með tvö lið sem stóðu sig með stakri þryði þó nokkuð væri á brattan að sækja í einhverjum leikjum. Króksmót var svo 12.-13. ágúst og Neisti mætti enn með tvö lið til leiks. Eins og undanfarin ár kom Siguróli Kristjánsson frá KSÍ og var með boltaprautir og kennslu 18. júlí. Mæting var góð á þetta verulega góða framlag KSÍ til að auka veg íþróttarinnar. Að loknu fjörunu fengu allir flottar gjafir frá KSÍ.

Sundæfingar voru aftur á dagskrá hjá félaginu á haustdögum eftir margra ára hlé. Sólveig Sigurðardóttir sá um utanumhald og þjálfun og er það vissulega styrkur í starfinu að geta notað sundlauginu á Hofsósi. Svo var boðið upp á skákynningu fyrir almenning eitt kvöld undir lok ársins. Mikill áhugi er á skákinni og líkur á að slíkt verði endurtekið. Rétt fyrir áramót hlaut Dagmar Helga Helgadóttir hvatningarverðlaun UMSS fyrir mætingu, dugnað og elju í íþróttum á árinu.

Vallarstjóri var Sigurmon Þórðarson sem sá um að halda vellinum í sem bestu standi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu. Eignir félagsins þurfa nokkuð viðhald og voru smíðaáhöld, pensill og málningarrúlla í talsveðri notkun bæði á vallarsvæðinu og á Hlíðarhúsi. Önnur störf á vegum félagsins voru allmörg sem endranær og tengjast flest einhverjum fjáröflunum.

*f.h. stjórnar Ungmennafélagssins Neista, Margrét Berglind Einarsdóttir formaður*







# Ungmennafélagið Tindastóll



## DEILDIR

UMFT Badmintondeild  
UMFT Bogfimideild  
UMFT Frjálsíþróttadeild  
UMFT Júdódeild  
UMFT Knattspyrnudeild  
UMFT Körfuknattleiksdeild  
UMFT Skíðadeild  
UMFT Sunddeild

Árið hjá Aðalstjórn Tindastóls hefur gengið vel.

Töluverð endurnýjun varð á stjórninni á síðasta aðalfundi og því flestir að koma nýir inn í stjórnina. Adam Smári steig til hliðar á miðju tímabili en fór þó ekki langt, tók við sem formaður knattspyrnudeildar. Guðlaugur Skúlason kom þá inn í stjórn sem varamaður. Stjórnin þakkar fyrir ánægjulegt samstarf við fulltrúa deilda Tindastóls á árinu. Starfsemi aðalstjórnar hefur farið þannig fram að haldnir hafa verið fastir mánaðarlegir fundir og afgreitt þar fyrirbyggjandi mál og erindi. Hefur sá háttur gefist vel og tryggt ákveðna festu í starfsemi stjórnarinnar. Einnig átti aðalstjórnin góðan fund með forsvarsmönnum deilda stuttu eftir að við tókum við til að kynna okkur og heyra óskir þeirra um hvernig aðalstjórnin getur best stutt við þau. Gott samstarf hefur verið á milli aðalstjórnar og allra deilda innan Tindastóls á tímabilinu. Eitt af fyrstu verkefnum sem aðalstjórnin kom að var að samræma æfingargalla hjá börnum og unglingum sem æfa undir merkjum Tindastóls. Fram til þessa hefur hver deild samið fyrir sig varðandi æfingagalla með tilheyrandi óhagræði fyrir iðkendur og fjárhag foreldra. Lítum við á þetta sem mikið framfaraspör og tryggir að iðkendur Tindastóls koma öll eins fram óháð því hvaða grein þau æfa. Gerður var þriggja ára samningur við Jako sem Tindastóll hefur góða reynslu af samstarfi við fram til þessa. Þetta verkefni var sérstaklega ánægjulegt því þarna unnum við þvert á deildir og góð samstaða náðist um málið strax í upphafi. En talandi um að koma öll eins fram og bera virðingu fyrir okkar merki þá gengum við ákveðin fram í að tryggja rétta notkun á Tindastóls merkinu. Sú staða var komin upp að merkið okkar var farið að fá ýmsa liti og litaafbrigði, nýjar útlínur voru komnar á merkið og jafnvel heill krókóðill. Í góðu samstarfi við deildirnar gengum við fram með að tryggja rétta notkun á merkinu og að öll notkun á merkinu er háð samþykki aðalstjórnar. Við þurfum að standa vörð um vörumerkið og tryggja að það séu ekki aðilar úti í bæ að hagnast á velgengni okkar og dyggð stuðningsmanna Tindastóls. Teljum við þetta vera komið í góðan farveg en leggjum áherslu á að vera á vaktinni fyrir rétttri notkun og að ágóði af sölu á varningi skili sér til deilda Tindastóls en ekki ótengdra aðila.

Veitt var viðurkenningin Íþróttamaður Tindastóls að venju og fengum við að nýta hátíðarkvöld UMSS sem vettvang fyrir viðurkenninguna. Teljum við fara vel á því að samnýta þann skemmtilega viðburð og viðurkenningu Tindastóls á íþróttamanni ársins. Körfuknattleiksdeild Tindastóls tilnefndi Sigtrygg Arnar Björnsson sem hlaut viðurkenninguna Íþróttamaður Tindastóls. Sigtryggur Arnar var einn af máttarstólpum Íslandsmeistara Tindastóls í körfuknattleik. Kraftur hans, leikgleði og einstakur eiginleiki við að koma stanlaust á óvart hefur skipað honum í fremstu röð íslenskra körfuboltamanna. Var hann því vel að þessari viðurkenningu kominn og óskum við honum til hamingju með titilinn.

Við erum svo lánsöm að búa í íþróttasamfélagi. Hér er rík hefð fyrir öflugum íþróttastarfi og búum við vel með fjölbreyttar íþróttir sem er úr að velja. Við höfum raðað okkur í fremstu röð í flestum þeim greinum sem starfa undir merkjum Tindastóls og fjölgar með hverju árinu í hópi þeirra sem skara frammúr á landsvísu, bæði einstaklingar og lið. En þrátt fyrir þennan góða árangur þá megum við aldrei sofna á verðinum og verðum að hafa háar kröfur þegar kemur að barna og unglingastarfi okkar. Íþróttir eru forvörn og við viljum börnunum okkar það allra besta. Að alast upp í íþróttum er ekki bara heilsusamlegt það er líka félagslegt. Á tækniöld þar sem símatími, playstation og snapchat eru það fyrirferðamesta í lífi barna er aldrei mikilvægara að efla félagsleg tengsl og hreyfingu. Ungmennafélagin hafa því aldrei verið mikilvægari.

Að því sögðu viljum við sérstaklega ræða aðstöðumál til íþróttaiðkunar. Það er stóra málið og ætti að vera forgangsmál nýrrar stjórnar. Íþróttarhúsið okkar er sprungið og langar okkur sérstaklega í því samhengi að hrósa forsvarsmönnum deilda Tindastóls og öðrum sem koma að þjálfun í íþróttarhúsinu fyrir lausnarmiðaða nálgun til að láta hlutina ganga upp þrátt fyrir þröngan kost. Það hefur verið aðdáunarvert að sjá hvernig deildirnar hafa unnið saman til að skapa rými fyrir hvort annað þegar á þarf að halda. En það er ekki ástand sem við viljum setta okkur við. Forsenda fyrir því að byggja upp öflugt ungingastarf er fullnægjandi aðstaða sem svo aftur tryggir árangur. Við þurfum að gera kröfu um að bjóða upp á aðstöðu sem er í það minnsta á pari við það sem best gerist hér á landi. Metnaðarfull vinna er í gangi á vegum UMSS um greiningu á þessum málum í Skagafirði ásamt því að leggja á grunninn að því að marka framtíðarstefnu í íþróttamálum á svæðinu. Það er mikilvægt og á Tindastóll að vera virkur þátttakandi í þeirri vinnu og taki jafnframt þátt í því að finna leiðir til að bæta aðstöðumál almennt þegar kemur að íþróttaiðkun. Að endingu viljum við koma á framfæri þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hafa stutt við félagið á árinu á öllum vígstöðum. Íþróttafélög eru byggð upp á sjálfboðaliðum og án þeirra er þetta ekki mögulegt. Það er mikill heiður að fá að vera þátttakandi í svo metnaðarfullu starfi sem finna má innan veggja Tindastóls og er það trú okkar sem sitjum í aðalstjórn Tindastóls að framtíðin sé björt. Áfram Tindastóll!

f.h. Stjórn Ungmennafélags Tindastóls, Magnús Barðdal Reynisson formaður



## UMFT Badmintondeild



Engin skýrsla barst frá Ungmennafélaginu Tindastól fyrir Badmintondeild Tindastóls fyrir starfsárið 2023

## UMFT Bogfimideild



2023 var nú ekki stór stórt í sniðum. Stjórnin var endurkjörin frá fyrra ári.

Æfingar í bogfimi voru haldnar bæði í Varmahlíð og á Sauðárkróki. Og hafa verið ágætis mæting. En hægt er að segja að ca 2-4 fullorðnir hafi verið að æfa á einhverjum tímamarki 2023 og 14-18 krakkar á aldrinum 8-17 ára en skráning þeirra hefur að mestu verið í gegnum Sportablar En við höfum ekki verið ýta krökkum í burtu ef þau hafa verið að koma í mánuð til prófa og svo ekki meir og eða skrá/rukka æfingargjöld þar sem þau eru miðuð við ákveðin tímabil. Haustið 2023 þá breyttum við áherslum um aldur þeirra sem væru að koma á æfingar en settum sem skilyrði að 12 ára og yngri kæmu fyrst um sinn í fylgd með foreldrum á meðan þau væru að venjast og hægt væri að nýta foreldra til að aðstoða. Við þessa breytingu þá breyttust æfingar úr því að vera leikvöllur yfir í að geta þróast yfir í afreksstarf. Erum með nokkra efnilega núna en höfum ekki enn sent iðkendur á bogfimumót en vonum með þessum breytingum þá sjáum við tækifæri til þess í framtíðinni En enn og aftur þá aftrar aðstöðuleysi meiri fjölgun á æfingartímum sem hentar betur eins og fyrir yngri kynslóðina en gæti breyst vegna hugmyndar um breytingu á svæði. Hugmynd kom að breyta legu á svæðinu sem bogfimi hefði og hafin vinna við að koma því í ferli og gangi það eftir gæti það aukið notkunarmöguleika ákveðin svæðis sem er oft vannýt en á sama skapi aukið nýtingu á körfuboltavellinum fyrir þá sem þurfa hann. Eins og kvenna lið kkd Tindastóls en gaman verður að sjá hvernig þetta kemur út. Aðalþjálfari deildarinnar náði sér í þjálfararéttindi í bogfimi level 2 hjá WA en mikilvægt er fyrir allar íþróttagreinar að hafa menntaða þjálfara.

Pílukastið var lagt niður á aðalfundi 2023 þar sem stofnað hafði verið sér félag um það. Aðstöðuleysi er vandamál í flestum íþróttagreinum í Skagafirði og fyrir bogfimina sér í lagi tímasetningar æfinga sem gætu hentað betur yngri kynslóðinni. Og hægt væri af hafa aðstöðu meira bara fyrir hverja grein. Bogfimi er eins og pílukast og keila það þarf að vera aðstaða þar sem hægt væri að koma óháð tíma eða degi og æft svo fremi að aðstaðan sé opin. UMSS sendi á allar deildir og óskaði eftir þörfum hvarrar greinar og sendi Bogfimideild Tindastóls inn sína þarfa greiningu sem unnin var í samstarfi við Bogfimisamband Íslands.

*f.h. stjórnar Bogfimideildar Tindastóls, Indriði R. Grétarsson formaður*



## UMFT Frjálsíþróttadeild



Starf frjálsíþróttadeildar Tindastóls var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta ár, fyrir utan að eitt stórt Unglingalandsmót var haldið á Sauðárkróki. Á síðastliðnu ári var ekkert af stærri mótum hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands haldið á Sauðárkróki, en þess í stað fengum við loksins Unglingalandsmót UMFÍ en mótið átti að vera haldið 2021 en vegna Covid var því frestað. Um 500 krakkar voru skráðir í frjálssar á mótinu, sem voru skráðir í 1459 greinar og 53 boðhlaupssveitir. Gríðarlegur fjöldi sjálfboðaliða var á mótinu og þökkum við foreldrum, fjölskyldu og vinum fyrir þeirra framlag. Nokkur minni mót voru haldin í Skagafirði og við fengum sól en ekki mikinn hita á þessum mótum, en það kom ekki í veg fyrir að menn stóðu sig með sóma á þeim og skemmtu sér og öðrum um leið. Haldið var eitt kastmót og þrjú Sumarmót. Hópur iðkenda ásamt foreldrum og systkinum drifu sig á Gautaborgarleikanna í Svíþjóð, sem haldnir voru í þetta skipti rétt fyrir utan Gautaborg, veðrið lék við þau daginn sem þau lentu og svo þegar þau fóru heim. Rigning, rok og kuldi var á mótinu og leið okkur eins og við værum stödd heima. Svíarnir voru ánægðir en mikil hitabylgja hafði staðið yfir vikurnar fyrir komu okkar.

14 Íslandsmeistara titlar komu í hús í ár auk þess setti Guðni Bent Helgason mótismet í 11 ára hástökki innan- og utanhúss á MÍ 11-14 ár og Ísak Óli Traustason varð Íslandsmeistari bæði í tugbraut utanhúss og sjöbraut innanhúss. Auk þess settu Andrea Maya Chirikadzi héraðsmet í sleggjukasti 20-22 ára og Guðni Bent Helgason héraðsmet í hástökki innan- og utanhúss 12 ára.

*f.h. stjórnar frjálsíþróttadeildar UMF Tindastóls,  
Thelma Knútsdóttir formaður*



## UMFT Júdíódeild



Þetta er tíunda árið sem Júdíódeild Tindastóls er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á júdíó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júdíódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. mars 2016. Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyjugötu og Sæmundargötu en eftir að sveitarfélagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki.

Vorönn hófst 5. janúar og lauk 29. maí, þjálfarar voru Annika Líf Maríudóttir Noack og Einar Örn Hreinsson. Júdíódeildin var með 4 námskeið í Sumar TÍM í júní sem Annika sá um og svo voru sumaræfingar í júlí þar sem Annika var þjálfari. Haustönnin hófst 28. ágúst og lauk 18. desember, þjálfari var Annika Líf Maríudóttir Noack.

Aðalfundur Júdíódeildar Tindastóls var haldinn 22. mars í matsal heimavistar FNV. Skýrsla formanns var lesin upp og samþykkt, reikningar lagðir fram til samþykktar og stjórn kosin, Grétar Karlsson formaður, Þórhildur Sverrisdóttir gjaldkeri og Ragnhildur Guðmundsdóttir ritari voru endurkjörin.

Vormót JSÍ yngri flokka var haldið 18. mars í íþróttahúsi KA á Akureyri. Júdíódeild Tindastóls var þrjá keppendur og fór heim með eitt gull og eitt brons. Páskamót JR var haldið 15. apríl í sal JR. Júdíódeild Tindastóls var með einn keppanda sem vann silfurverðlaun. Íslandsmeistaramót yngri flokka fór fram 29. apríl í Ármanni. Júdíódeild Tindastóls var með þrjá keppendur og fór heim með eitt silfur og tvö brons. Því miður þurfti að aflýsa Vormóti Tindastóls vegna verfalls BSRB.

Júdíódeild Tindastóls sá um keppni í júdíó á Unglingalandsmótinu sem fram fór á Sauðárkróki 5. ágúst. Fimm iðkendar Júdíódeildar Tindastóls kepptu fyrir hönd UMSS og unnu þrjú gull, eitt silfur og eitt brons. Júdíódeildin var líka með kynningu á Júdíó á Unglingalandsmótinu sem tókst afskaplega vel og var vel sótt. Afmælimót JR var haldið 21. október í sal JR. Júdíódeild Tindastóls var með sex keppendur sem unnu til einna gullverðlauna, fjögurra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna. Júdíófélag Suðurlands var með æfingabúðir á Eyrarbakka 27. og 28. október og tóku fjórir iðkendar ásamt Anniku þjálfara þátt í þeim. Í framhaldinu fengum við Eirini Fytrou, þjálfara hjá JS, til að vera með æfingar hjá okkur 3. og 4. nóvember. Norðurlandsmótið var endurvakið og var haldið 25. nóvember í íþróttahúsi KA á Akureyri. Júdíódeild Tindastóls var með fimm keppendur og fór heim með tvenn bronsverðlaun í eldri flokkum og þrenn þátttökuverðlaun í yngri flokkum. Jólámót Tindastóls var haldið 18. desember á Sauðárkróki. Mótið var vel sótt og skemmtilegt og allir voru sigurvegarar.

Á árinu fékk einn iðkandi (þjálfari) brúnt belti, fjórir iðkendar fengu appelsínugult belti og tveir iðkendar fengu gult belti. Einnig fengu tólf yngri iðkendar strípu á beltin.

Að lokum vill Júdíódeildin koma þakklæti á framfæri til allra þeirra sem hafa starfað fyrir deildina á síðustu árum. Bestu þakkir til allra þjálfaranna sem vinna gott og mikilvægt starf og iðkenda, foreldra og velunnara deildarinnar sem eru boðnir og búnir að aðstoða þegar á reynir. Það væri einfaldlega ekki hægt að starfrækja þessa deild án allra þessara fúsú handa.

Stjórn Júdíódeildar Tindastóls þakkar öllum iðkendum og foreldrum fyrir skemmtilegt júdíóár.

*f.h. stjórnar júdíódeildar Tindastóls, Grétar Karlsson formaður*



## UMFT Knattspyrnudeild



Engin skýrsla barst frá Ungmennafélaginu Tindastól fyrir Knattspyrnudeild Tindastóls fyrir starfsárið 2023

## UMFT Barna og unglíngaráð knattspyrnudeildar



Engin skýrsla barst frá Ungmennafélaginu Tindastól fyrir barna- og unglíngaráð knattspyrnudeildar Tindastóls fyrir starfsárið 2023







## UMFT Körfuknattleiksdeild



Ný stjórn tók við á aðalfundi sem haldinn var þann 22.júní 2022. Ekki var mikið um breytingar,. Fyrstu verkefni stjórnar voru að ráða þjálfara fyrir bæði karla- og kvennaliðin, sem og að ganga frá samningum við leikmenn beggja liða. Aðalfundur 2022 hafði ályktað um stöðu íþróttahússins og félagsaðstöðu körfuknattleiksdeildarinnar, ályktunin var send til Feykis, birt á samfélagsmiðlum deildarinnar og send til sveitarfélagsins sem formlegt erindi. Fjáraflanir hófust strax um sumarið og síðsumars var umtalsverð vinna við undirbúning íbúða fyrir leikmenn og þjálfara, þar sem ýmislegt þurfti viðhald og viðgerðir sem deildin tók að sér. Önnur fjáröflunarverkefni sumarsins voru td. gróðursetning og þrif á bílplönunum en vegna dræmrar skráningar var ákveðið að fella niður Körfuboltabúðir Tindastóls. Um áramót var árið 2022 gert upp og varð Pétur Rúnar Birgisson bæði íþróttamaður Tindastóls og UMSS, þjálfarateymi karlaliðsins fékk verðlaun sem þjálfarar ársins hjá UMSS og meistaraflokkur karla var lið ársins. Tímabilið hófst svo í lok september hjá kvennaliðinu þar sem Tindastóll teflir fram ungu og efnilegu liði og má td nefna að þrjár stúlkur hafa verið í æfingahópum yngri landsliða og Eva Rún er í lokahóp U20 ára. Þessi ungi hópur er fámennur, td. fóru nokkrum sinnum aðeins átta leikmenn í útileiki, en þetta er kraftmikill hópur, samheldinn og metnaðarfullur. Það er áskorun að halda úti liði sem vill geta keppt meðal þeirra bestu og það er verkefni okkar allra að standa vörð um kvennaliðið og byggja það upp til framtíðar. Tímabil karlaliðsins hófst svo í byrjun október og eftir strangt æfingatímabil fóru meiðsli fljótt að gera vart við sig. Á haustdögum gekk upp og ofan og fljótlega eftir áramót var fenginn nýr þjálfari og breyting gerð á leikmannahópnum. Við þessi skipti kom margumtöluð ró yfir liðið og samfélagið allt, í stutta stund. Ef okkur fannst vorið 2022 vera rússíbanareið þá var vorið 2023 listflug þar sem flogið var hátt, lágt, á hvolfi og jafnvel afturábak. Allar tilfinningarnar í mörgum blæbrigðum lituðu samfélagið í margar vikur: gleði, depurð, reiði, hræðsla, spennna og tilhlökkun. Á kaffistofum, samfélagsmiðlum, laugunum, búðinni – hvar sem fólk kom saman var körfubolti ræddur. Varningur seldist í bílförmum, fánar blöktu um allan fjörð og fjöldi fólks um allt land lagði á sig löng ferðalög til að sjá og upplifa stemminguna og hjálpa okkur að hvetja strákana okkar áfram. Eins og alþjóð veit þá stóð okkar lið uppi sem Íslandsmeistarar í fyrsta sinn í sögu Tindastóls, heiðurinn eiga leikmenn og þjálfarar liðsins en öll finnum við til stolts og gleði, ekki bara yfir þessum frábæra árangri heldur ekki síður vegna samheldninnar, samtakamáttisins og kraftsins sem við finnum svo sterkt fyrir. Við erum Tindastóll.

*f.h. Stjórnar Körfuknattleiksdeildar Tindastóls 2022-2023, Dagur Þór Baldvinsson formaður*

## UMFT Unglingaráð körfuknattleiksdeildar



Engin skýrsla barst frá Ungmennafélaginu Tindastól fyrir Unglingaráð körfuknattleiksdeildar Tindastóls fyrir starfsárið 2023







## UMFT Skíðadeild



Á síðasta aðalfundi voru engar breytingar á stjórn Skíðadeildar Tindastóls. Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að fara í samningaviðræður við Sigurður Hauksson um áframhaldandi samstarf og gekk það vel. Stjórnin fundaði reglulega á starfsárinu eða einu til tvisvar sinnum í mánuði, fór eftir verkefnastöðu. Vetrarstarfið var með hefðbundnum hætti. Opnun á svæðinu fór vel af stað, við opnuðum fyrst allra skíðasvæða á landinu eða 21 október. Svæðið var vel sótt af öllum skíðafélögum á landinu og var góður gangur á öllu eða þar til hitna fór á svæðinu og mikil bráðnun varð og við urðum að loka vegna snjóleysis.. Þar sýndi sig hversu mikilvægt er að vera með virkt snjóframleiðslukerfið því það voru hagstæð skilyrði til snjóframleiðslu en vegna vatnsleysis var ekki hægt að framleiða snjó þegar veðurskilyrði voru góð. Við verðum að fara í lagfæringar á lóninu og fjölga snjógirðingum þar sem girðingar hafa margsannað sig til að mynda hefðum við ekki getað opnað svona snemma ef engar girðingar hefðu notið við. Opnunar dagar voru samtals 67 á tímabilinu og sóttu svæðið 6.700 gestir. Tindastuð fór einstaklega vel fram í ár, þar sem margir heimamenn sóttu viðburðinn og veður lék loksins við okkur þar sem norðurljósinn dónsuðu í takt við tónlistina. Páskarnir sluppu fyrir horn, útlitið var ekki gott en við náðum að kreista þrjá daga sem voru vel sóttir og má þakka starfsmönnum svæðisins fyrir ótrúlegt þrekvirki að festa snjó og undirbúa svæðið fyrir þessa daga við mjög svo krefjandi aðstæður. Almenn ánægja er meðal gesta með viðtökur og þá þjónustu sem við veitum á svæðinu en vissulega þarf að bæta í og gera alla aðstöðu betri. Það fækkaði í æfingahópnum á árinu en vandamálið er snjóleysi og vont veður. Æfingar voru haldnar eins oft og opnun leyfði en voru það frekar fáar æfingar vegna snjóleysis. Næsta stjórn er falið það verkefni að finna þjálfara en því miður virðist það vera landlægt vandamál að finna þjálfara á skíði og bretti. Farið var á íslands- og bikarmót og sendum við einn fulltrúa á Ólympíuleika æskunnar á Ítalíu þar sem iðkandinn stóð sig með þryði. Farið var á Andrésar Andarleikana þar sem allir komu heim hamingjusamir að vana. Enduðum veturinn með lokahófi þar sem var grillað og veittar viðurkenningar fyrir vetrinum. Ársskýrsla Næsta stjórn hefur verk að vinna, þ.e.a.s. endurnýja samning við sveitarfélagið, skipuleggja vetrarstarfið, ráða þjálfara og starfsmenn. Vinna í snjóframleiðslu, endurnýja snjógirðingar og halda áfram uppbyggingu á svæðinu. Að lokum viljum við þakka sveitarfélaginu og fyrirtækjum sem styrkt hafa deildina í gegnum tíðina fyrir alla velvildina í kringum skíðasvæðið. Öllum sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki eru færðar þakkir því vissulega án ykkar væri þetta ekki hægt.

*f.h. Stjórnar Skíðadeildar Tindastóls, Sigurður Bjarni Rafnsson formaður*

## UMFT Sunddeild



Starfið veturinn 2023-2024 hefur að mestu gengið vel. Þetta starfsár hafa iðkendur verið á bilinu 32-38. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið hér á Sauðárkróki í ágúst, og tóku þrír iðkendur deildarinnar þátt í sundmótinu. Allir höfðu gaman af, þó enginn þeirra hefði endað á verðlaunapalli. En mótið var svo sannarlega góð æfing fyrir þau. Fjöldi góðra sjálfboðaliða skilaði góðu framlagi til deildarinnar. Nokkuð brösulega gekk að skaffa næga sjálfboðaliða þar sem það kom í ljós aðeins nokkrum dögum fyrir unglíngalandsmótið að fjölga þyrfti sjálfboðaliðum um rúmlega helming. Það kom til vegna þess að ráspallar sundlaugar Sauðárkróks stóðu ekki lágmarks kröfur skipuleggjenda mótsins til að hægt væri að nýta sjálfvirkna tímatökubúnað líkt og hefur tíðkast síðustu áratugin á sundmótum. Sjálfboðaliðarnir stóðu sig vægast sagt með þryði, sérstaklega þegar litið er til þess hversu mikið sundkeppnin dróst á langinn vegna skorts á tímatökubúnaðinum, svo handskrifa þurfti alla tíma hvers keppanda af þrem tímavörðum, og handskrá svo í exel til að hægt væri að reikna úrslit. Þóra Lisebet Gestsdóttir formaður sunddeildarinnar fór í það verkefni að leita styrkja fyrir verkefnið Orkuboltar og vellíðan, sem snýst um að veita börnum með sérþarfir aukinn stuðning á æfingum, sem og að standa fyrir reglulegum hittingum í vallahúsinu við Skagfirðingabraut. Þar fer fram jóga, slökun, gott spjall og sjálfsefning. Hugmyndafræðin að baki verkefnisins er byggt á þeirri hugmyndafræði sem Hugarfrelsi starfar eftir, sem er t.d jákvæð sálfræði, núvitund, sjálfsefning og ýmislegt fleira. Verkefnið hlaut styrki frá tveimur fyrirtækjum hér á Sauðárkróki: 200.000,-kr. Frá Fisk Seafood og 100.000,-kr. Frá Steinull hf. Einnig fékk verkefnið 450.000,-kr. Styrk frá íþróttasjóði Rannís. Þessir styrkir hafa gert deildinni kleift að fjölga aðstoðarfólki á æfingum til að þeir iðkendur sem á þurfa að halda fái viðeigandi stuðning, sem og að kaupa ýmsan útbúnað. Það aðstoðarfólk sem hefur verið með okkur í vetur eru Herdís Elvarsdóttir, Heiður Stefánsdóttir, Lára Sigurðardóttir og svo nú í vor bættist við hópinn Brynjar Halldórsson. Bæði iðkendur og foreldrar/aðstandendur virðast mjög ánægðir með verkefnið, og hefur verið gríðarlega ánægjulegt að sjá þær framfarir sem hafa átt sér stað, hvort heldur sem er ofan í sundlauginni, í líðan iðkenda eða í samskiptum iðkenda á milli. Reglulega eru ávaxtastundir eftir æfingar, enda margur hver svangur eftir stífar æfingar. Einnig hafa verið haldin Pizzakvöld, froðupartý, hrekkjavökupartý og náttfatasund. Bjartir tímar eru framundan og ýmislegt skemmtilegt á döfinni. Næst á dagskrá er er þátttaka í umhverfisdegi Fisk Seafood og sundmót. Vonandi verður það vel sótt af okkar iðkendum, enda gott tækifæri til að öðlast keppnisreynslu. Halda átti aðalfund sunddeildarinnar í lok febrúar, en fresta þurfti þeim fundi. Aðalfundur deildarinnar var haldinn 21.apríl '24, og urðu þá mannabreytingar í stjórninni þar sem tveir aðilar í stjórninni gáfu ekki kost á sér áfram. Auglýst verður eftir fólki í haust til að fylla þær stöður.

*f.h. Stjórnar sunddeildar Tindastóls, Þóra Lisebet Gestsdóttir formaður*





ANDRÉS ÖND  
287  
norlandair

ANDRÉS ÖND  
224  
norlandair



ANDRÉS ÖND  
219  
norlandair

ANDRÉS ÖND  
185

ANDRÉS ÖND  
245  
norlandair

221  
grafta.is  
SKÍÐAÐEILD  
ÁRMANNSS



## Vélfjólaklúbbur Skagafjarðar



Engin skýrsla barst frá Vélfjólaklúbbi Skagafjarðar fyrir starfsárið 2023



